

Stjórnartíðindi

1964 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 47, 81, 120, 126, 171, 175, 178, 195, 197, 200, 205, 249, 255-259, 265, 272, 276, 278, og 282-286.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1964

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1964
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Útgefandi dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	31. jan.	Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.	1—3
7	14. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1964	8
8	15. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar	9
2	28. febr.	Lög um hækkun á bótum almannatrygginga	4
3	6. marz	Lög um laun forseta Íslands	5
4	S. d.	Lög um þingfararkaup alþingismanna	5—7
5	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.	7
9	19. marz	Lög um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka	9—10
6	25. marz	Lög um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár ..	8
23	14. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs	45
24	15. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi miðhúsa í Egilsstaðahreppi	46
25	18. apríl	Lög um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi	46
26	S. d.	Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960	47
13	25. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim	15—16
27	S. d.	Forsetaúrskurður, um að minnispeningur Jóns Sigurðssonar skuli vera gjaldgeng mynt	48
31	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963	55—56
28	30. apríl	Lög um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952	48
29	S. d.	Lög um ferðamál	49—54

IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
48	1. maí	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands	107—109
11	11. maí	Lög um ríkisborgararétt	13—14
10	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands	11—12
12	14. maí	Lög um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963	14—15
30	S. d.	Forsetabréf um þinglausnir	54
14	15. maí	Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar	16
36	S. d.	Lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán	89
37	16. maí	Lög um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt	90—91
38	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði	91
39	19. maí	Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra ..	92—95
20	20. maí	Lög um eftirlit með opinberum sjóðum	42—43
30	S. d.	Lög um breyting á lyfsölulögum	57
35	S. d.	Lög um Ljósmæðraskóla Íslands	88
40	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld	95
41	S. d.	Lög um breyting á sjúkrahúsálögum, nr. 93 31. des. 1953	96—97
42	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt	98—102
43	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa ..	102
15	21. maí	Lög um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.	17—27
16	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga	28—29
19	S. d.	Skipulagslög	33—42
21	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar	43
22	S. d.	Lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn	43—45
34	S. d.	Lög um loftferðir	57—88
17	23. maí	Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga	30—31
18	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.	32
32	S. d.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	56
44	S. d.	Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnunum	103—104
45	S. d.	Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar	104
46	S. d.	Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar .	105

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
47	S. d.	Lög um lausn kjaradeilu verkfræðinga	106
49	4. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	109
51	10. júní	Lög um tekjustofna sveitarfélaga	147—161
50	11. júní	Auglýsing um vegaáætlun fyrir árið 1964	110—147
52	19. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 1 5. janúar 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins	162
53	30. júní	Bráðabirgðalög um launaskatt	163—165
54	10. júlí	Sjúkrahúsalög	166—169
55	17. júlí	Lög um tekjuskatt og eignarskatt	170—188
58	1. sept.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands	190—192
56	10. sept.	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	189
57	25. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1964	190
59	20. nóv.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán	193
64	28. nóv.	Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka	290
63	14. des.	Lög um verðtryggingu launa	288—289
65	18. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	290
66	19. des.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands	291—292
67	23. des.	Lög um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga	293
60	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins	194
61	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt	195—196
68	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 8 16. febr. 1957, um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof ..	293
69	28. des.	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940	294
70	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis	294
71	30. des.	Lög um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964	295
62	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1965	197—288
72	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 51/1960 og lögum nr. 51/1962 um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands	295
73	S. d.	Lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum	296—299
74	S. d.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963	299—300
75	S. d.	Fjárútlög fyrir árið 1963	301—302

Yfirlit

eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Akraneskaupstaður.			
45	23. maí	Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar	104
Almannatryggingar.			
2	28. febr.	Lög um hækkun á bóttum almannatrygginga	4
14	15. maí	Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar	16
Alþingi.			
4	6. marz	Lög um þingfararkaup alþingismanna	5—7
7	14. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1964	8
30	14. maí	Forsetabréf um þinglausnir	54
57	25. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október	190
65	18. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	290
70	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis	294
Atvinnuleysistryggingar, sjá tryggingar.			
Ábyrgðarheimildir, sjá ríkisábyrgðir.			
Áfengismál.			
39	19. maí	Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra	92—95
Bankamál.			
10	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands	11—12
Bráðabirgðalög.			
52	19. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins	162
53	30. júní	Bráðabirgðalög um launaskatt	163—165
56	10. sept.	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	189

VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Ferðamál.			
29	30. apríl	Lög um ferðamál	49—54
71	30. des.	Lög um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964	295
Fjárlög, ríkisreikningur.			
62	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1965	197—288
74	S. d.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963	299—300
75	S. d.	Fjáraukalög fyrir árið 1963	301—302
Flugmál.			
34	21. maí	Lög um loftferðir	57—88
Forseti Íslands.			
3	6. marz	Lög um laun forseta Íslands	5
32	23. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	56
49	4. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	109
Hegningarlög, sjá refsilög.			
Heilbrigðismál.			
8	15. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar	9
33	20. maí	Lög um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963	57
35	S. d.	Lög um Ljósmaðraskóla Íslands	88
39	19. maí	Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra .	92—95
41	20. maí	Lög um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953	96—97
54	10. júlí	Sjúkrahúsalög	166—169
Hafnarfjarðarkaupstaður.			
38	16. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði	91
46	23. maí	Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar .	105
Háskóli Íslands			
48	1. maí	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands	107—109
58	1. sept.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands	190—192
66	19. des.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands	291—292
72	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 51/1960 og lögum nr. 51/1962, um breytingu á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands	295

VIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Húsnæðismál.			
17	23. maí	Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga	30—31
18	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.	32
Iðnaðarmál.			
36	15. maí	Lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán	89
22	21. maí	Lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn	43—45
Jarðir, kaup, sala.			
24	15. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi	46
25	18. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lóðakaupa í Hveragerðishreppi	46
38	16. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnararfirði	91
Jón Sigurðsson, minnispendingur, sjá mynt.			
Kirkjumál.			
40	20. maí	Lög um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld	95
Kísilgúrverksmiðja, sjá iðnaðarmál.			
Landbúnaður.			
9	19. marz	Lög um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka	9—10
26	18. apríl	Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960	47
28	30. apríl	Lög um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952	48
31	25. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963	55—56
37	16. maí	Lög um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt	90—91
44	23. maí	Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum ..	103—104
56	10. sept.	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	189

IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Launamál.	
3	6. marz	Lög um laun forseta Íslands	5
4	S. d.	Lög um þingfararkaup alþingismanna	5—7
47	23. maí	Lög um lausn kjaradeilu verkfræðinga	106
63	14. des.	Lög um verðtryggingu launa	288—289
68	24. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 8 16. febr. 1957, um breytingu á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof	293
		Lántökuheimildir.	
59	20. nóv.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán	193
		Ljósmeðraskóli Íslands, sjá mennta- og heilbrigðismál.	
		Loðdýr, sjá landbúnaður.	
		Loffferðir, sjá flugmál.	
		Lyfsala, sjá heilbrigðismál.	
		Lækningaleyfi o. fl., sjá heilbrigðismál.	
		Menntamál.	
13	25. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim	15—16
35	20. maí	Lög um Ljósmeðraskóla Íslands	88
73	31. des.	Lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum	296—299
		Mynt.	
27	25. apríl	Forsetaúrskurður, um að minnispeningur Jóns Sigurðssonar skuli vera gjaldgeng mynt	48
		Orlof, sjá launamál.	
		Refsilög.	
69	28. des.	Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940	294
		Ríkisábyrgðir.	
43	20. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa ..	102
		Ríkisborgararéttur.	
11	11. maí	Lög um ríkisborgararétt	13—14

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Ríkisstofnanir.	
52	19. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins	162
		Samgöngumál.	
12	14. maí	Lög um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963	14—15
50	11. júní	Auglýsing um vegaáætlun fyrir árið 1964	110—147
		Seðlabanki Íslands, sjá bankamál.	
		Siglingar, skip.	
5	6. marz	Lög um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.	7
73	31. des.	Lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum	296—299
		Síldarverksmiðjur ríkisins, sjá ríkisstofnanir.	
		Sjávarútvegur.	
1	31. jan.	Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.	1—3
5	6. marz	Lög um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.	7
60	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins	194
		Sjóðir, stofnanir.	
20	20. maí	Lög um eftirlit með opinberum sjóðum	42—43
		Sjúkrahús, sjá heilbrigðismál.	
		Skattar, gjöld.	
1	31. jan.	Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.	1—3
13	25. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim	15—16
15	21. maí	Lög um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.	17—27
23	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs	45
42	20. maí	Lög um breyting á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt	98—102
53	30. júní	Bráðabirgðalög um launaskatt	163—165
55	17. júlí	Lög um tekjuskatt og eignarskatt	170—188

XI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
61	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt	195—196
64	28. nóv.	Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka	290
		Skipulag, sjá sveitarstjórnarmál.	
		Stýrimannaskóli, sjá menntamál.	
		Sveitarstjórnarmál.	
16	21. maí	Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga	28—29
19	S. d.	Skipulagslög	33—42
44	23. maí	Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum	103—104
45	S. d.	Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar	104
46	S. d.	Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar .	105
51	10. júní	Lög um tekjustofna sveitarfélaga	147—161
67	23. des.	Lög um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga	293
		Tekjuskattur sveitarfélaga, sjá útsvar.	
		Tollamál, sjá skattar, gjöld.	
		Tryggingar.	
5	6. marz	Lög um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.	7
17	23. maí	Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga	30—31
21	21. maí	Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysisstryggingar	43
		Útsvar.	
16	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga	28—29
51	10. júní	Lög um tekjustofna sveitarfélaga	147—161
67	23. des.	Lög um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga	293
		Vegir, sjá samgöngumál.	
		Veiði, friðun.	
9	19. marz	Lög um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka	9—10
		Verðlagsskrár.	
6	25. marz	Lög um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár ..	8

XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
47	23. maí	<p style="text-align: center;">Verkfræðingar.</p> Lög um lausn kjaradeilu verkfræðinga	106
73	31. des.	<p style="text-align: center;">Vestmannaeyjar.</p> Lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum <p style="text-align: center;">Þingfararkaup, sjá Alþingi.</p> <p style="text-align: center;">Þjóðleikhús, sjá menntamál.</p>	296—299

L Ö G

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður leggur fram 43 millj. kr. á árinu 1964, er verja skal til framleiðni- aukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Stofnlánadeild sjávarútvegs- ins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegsráðherra setur.

2. gr.

Á árinu 1964 greiðir ríkissjóður Aflatryggingasjóði 51 millj. kr., er stjórn sjóðsins úthlutar til togara, sem gerðir voru út á árinu 1963. Skal úthlutunin miðast við úthaldstíma togara og að öðru leyti fara eftir reglum, sem sjávarútvegsráð- herra setur, að fengnum tillögum stjórnar Aflatryggingasjóðs. Heimilt er að út- hluta af fé þessu, eftir hliðstæðum reglum, til togara, sem voru ekki gerðir út 1963, en eru gerðir út 1964.

Úthlutun samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar er bundin því skilyrði, að samið hafi verið um greiðslu lána, sem hvíla á viðkomandi togara og eru í vanskilum við Ríkisábyrgðasjóð.

Á árinu 1964 er heimilt að greiða úr ríkissjóði til fiskileitar í þágu togara allt að 4 millj. kr. umfram þá fjárhæð, sem kann að verða greidd í þessu skyni samkvæmt 7. tölulið 16. gr. B í fjárlögum fyrir árið 1964.

Frá 1. jan. 1964 er ríkisstjórninni heimilt að greiða sem svarar 6% viðbót við það ferskfiskverð, sem ákveðið var með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávar- útvegsins 20. janúar 1964.

3. gr.

Frá 1. febrúar 1964 skal útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 vera sem hér segir:

1. Af saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum og hrognum, af skreið, freð- fiski, frystum rækjum, hrognum og humar, svo og af frystum fiskúrgangi til skepnufóðurs, 4,2% af fob-verði.
2. Af niðursoðnum sjávarafurðum og af afurðum frá selveiðum 2% af fob-verði.
3. Af öðrum sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) öðrum en þeim, er um ræðir í 1. og 2. tölulið þessarar málsgr., 6% af fob-verði.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir fyrirmæli 1. og 2. töluliðs 1. málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

A 1

Frá 1. febrúar 1964 skulu útflytjendur afurða þeirra, er um ræðir í 1. og 3. tölulið 1. málsgr., greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim, um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda tollyfirvöldum ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir $\frac{2}{3}$ hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum frá 1. febrúar 1964 skal ráðstafað þannig: Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur, 73.4%, til Fiskveiðasjóðs Íslands 17.2%, til Fiskimálasjóðs 5.9%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 1.53%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.17% og til Landssambands íslenskra útveggsmanna 0.8%.

4. gr.

Til viðbótar framlagi til Fiskveiðasjóðs samkvæmt 2. tölulið 2. gr. laga nr. 40/1955 (sbr. 9. tölulið 16. gr. B í fjárlögum fyrir árið 1964), greiðir ríkissjóður honum frá 1. febrúar 1964 árlega fjárupphæð, sem er jafnhá tekjum sjóðsins af gjaldi af útfluttum sjávarafurðum, sbr. 4. málsgr. 3. gr.

5. gr.

Söluskattur samkvæmt II. kafla laga nr. 10/1960, um söluskatt, skal frá 1. febrúar 1964 nema $5\frac{1}{2}\%$ af andvirði seldrar vöru og hvers konar verðmætis, eftir því sem nánar er ákveðið í tédum lögum.

Við framtal til söluskatts fyrir fyrsta ársfjórðung 1964 skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri fyrir janúar og hinni fyrir febrúar og marz. Skattfyrirvöld geta krafist þess, að söluskattsskyldir aðilar láti í té hvers konar upplýsingar varðandi skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal má til samanburðar, ef ástæða þykir til, krefjast hliðstæðra upplýsinga um skiptingu viðskipta á fyrsta ársfjórðungi 1963.

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal innheimta $5\frac{1}{2}\%$ söluskatt frá og með 1. febrúar 1964. Þó skal innheimta 3% söluskatt við tollafgreiðslu slíkrar vöru, ef innflytjandi hefur fyrir 1. febrúar 1964 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða vöruna, sbr. 14. gr. tollskrárlaga, nr. 7/1963. Þetta gildir þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 8. febrúar 1964.

Fyrirmæli 3. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sem hefur verið afhent honum fyrir 1. febrúar 1964 með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 22. gr. tollskrárlaga, nr. 7/1963), enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

Fyrirmæli 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 10/1960 taka ekki til þeirrar hækkunar söluskatts, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar gr., sbr. a-lið 16. gr. laga nr. 69/1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

6. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samstarfs við lánastofnanir, sjóði, sveitarstjórnir og einkaaðila um að halda fjárfestingarfrankvæmdum á árinu 1964 innan hóflegra takmarka, og er í því skyni heimilt að fresta til ársins 1965 verklegum frankvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1964. Sama gildir um greiðslu framlaga til frankvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum 1964.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirmæli um frankvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

- a. Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1963 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.
- b. Fyrirmæli 4. málsg. 7. gr. laga nr. 28/1962 um, að 62% af tekjum af útflutningsgjaldi renni til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, skulu halda gildi sínu til 1. febrúar 1964, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1962.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1964.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1964

Nr. 2.

4

28. febrúar.

L Ö G

um hækkun á bótum almannatrygginga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. janúar 1964 skulu bætur, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, að undanskildum fjölskyldubótum, samkvæmt 15. gr. laganna, greiddar með 32,25% álagi í stað þeirrar 15% hækkunar, sem ákveðin var með lögum nr. 72 1963, um hækkun á bótum almannatrygginganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða þá 15% bótahækkun, sem felst í lögum þessum, í einu lagi fyrir tímabilið 1. jan. 1964—30. júní 1964 með bótagreiðslum fyrir júlímánuð 1964.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skulu framlög og iðgjöld til almannatrygginganna fyrir árið 1964 ákveðin að nýju, og ber framlags- og iðgjaldagreiðendum að greiða framlög og iðgjöld á árinu 1964 samkvæmt þeirri ákvörðun.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G**um laun forseta Íslands.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Forseti Íslands hefur að launum kr. 35 000.00 á mánuði.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða úr ríkissjóði sérstaklega.

4. gr.

Þeir, er fara með forsetavald um stundarsakir, sbr. 8. gr. stjórnarskrárinnar, skulu samanlagt, meðan þeir gegna starfanum, njóta jafnra launa, miðað við mánaðarstarfstíma, og mánaðarlaun forsetans eru. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra. Auk þess skulu þeir fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá 1. júlí 1963 fer um laun forseta Íslands eftir ákvæðum þessara laga. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 37 17. júní 1944 og lög nr. 94 15. desember 1952, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 6. marz 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G**um þingfararkaup alþingismanna.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal alþingismanni laun frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur. Árslauin eru 132 000 kr., og greiðist ½ hluti mánaðarlega.

Varamaður nýtur þingfararkaups þann tíma, er hann situr á þingi.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi og nýtur að öllu leyti þeirra réttinda, sem alþingismanni eru ákveðin í lögum þessum.

2. gr.

Alþingismaður, sem um þingtímann verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt á að fá greiddan eftir reikningi kostnað við hæfilegt húsnæði til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir. Þingfarar-kaupsnefnd getur ákveðið hámark húsnæðiskostnaðar. Þingmaður utan Reykjavíkur eða nágrennis, er býr í eigin húsnæði, fær þó greiddan húsnæðiskostnað eftir mati.

3. gr.

Þingfararakaupsnefnd ákveður dvalarkostnað yfir þingtímann fyrir alþingis-menn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur.

Ákvæði 1. málsg. gildir þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir.

4. gr.

Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Þingfararakaupsnefnd ákveður fjárhæð þessa. Heimilt er að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum. Landskjörinn þingmaður fær sama ferða-kostnað og þingmaður í því kjördæmi, þar sem hann var í framboði.

Ákvæði 1. málsg. taka ekki til varapingsmanns og ráðherra.

5. gr.

Alþingismaður, sem er ekki búsettur í Reykjavík eða grennd, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað til þings og heim af þingi í þingbyrjun og þinglok. Sama gildir um ferðir í þinghléi eða fundahléi um hátíðar og um ferðir varamanna til þings og heim af þingi.

Enn fremur fær þingmaður á hverju reglulegu þingi á sama hátt endurgreiddan kostnað við ferðir á öðrum tímum en í 1. málsg. greinir, ef þær eru nauðsynlegar og þingmaður hefur fengið fararleyfi.

6. gr.

Nú getur þingmaður ekki gegnt þingstörfum um stundarsakir vegna sendiferðar fyrir ríkisstjórnina eða sem fulltrúi Alþingis, og skal honum þá eigi að síður greitt þingfararakaup. Dvalarkostnaður fellur þó niður.

Hverfi þingmaður af þingi um sinn vegna slyss eða veikinda, fær hann þingfararakaup eigi að síður allt að einu ári. Dvalarkostnaður greiðist þó í lengsta lagi til loka þess þings, sem þingmaðurinn hefur verið kvaddur til.

Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. málsg. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararakaup þann tíma, sem hann er fjarverandi.

7. gr.

Ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, er þingfarar-kaupsnefnd heimilt að hækka eða lækka árslaun samkv. 1. gr. að sama skapi.

8. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 5 manna nefnd, þingfararakaupsnefnd, er úrskurðar þingfararakaupsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísar fjárhæðunum úr ríkissjóði.

Vilji alþingismaður ekki hlíta úrskurði þingfararakaupsnefndar samkvæmt lög-um þessum, getur hann skotið honum til forseta Alþingis, sem fella endanlegan úrskurð um ágreiningsatriðin.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá 1. júlí 1963 fer um laun og aðrar greiðslur til alþingismanna eftir ákvæðum þessara laga. Jafnframt eru úr gildi numdar 1.—5. gr. laga nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl.

Þar til sett hafa verið ný lög um lífeyrissjóð alþingismanna, fer um gjald til sjóðsins og lífeyri alþingismanna og maka þeirra eftir þeim lögum, er nú gilda.

Gjört í Reykjavík, 6 marz 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. 5. töluliður orðist svo:

Skirteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, sbr. 2. tl. og 2. mgr. 3. tl. 10. gr.

2. gr.

10. gr. 2. töluliður orðist svo:

Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%. Nú hafa innlánsvextir sparissjóðsdeildar Landsbanka Íslands af sparifé á almennum innlánsbókum án sérstaks uppsagnarfrests verið hærri en 4% yfir árið á því ári, sem arður er miðaður við, og er þá heimilt að greiða arð, er sé 2% — tveimur af hundraði — hærri en innlánsvextirnir voru.

10. gr. 2. málgr. 3. töluliður orðist svo:

Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunar-sjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að arðurinn nái því hámarki, sem leyft er samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 12/1955, um breyting á lögum nr. 43/1947.

Gjört í Reykjavík, 6 marz 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G**um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 27/1954, um verðlagsskrár, eru hér með felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er í gildi samningur um, að greiðsla skuli miðuð við verðlagsskrá, og skal hagstofustjóri þá meta greiðsluna til peningaverðs, nema aðilar komi sér saman um annað.

Gjört að Bessastöðum, 25. marz 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G**um samkomudag reglulegs Alþingis 1964.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1964 skal koma saman laugardaginn 10. október 1964, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað setningarinnar: „Má í reglugerð ákveða dagsektir, allt að 5 kr. fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur“ í 1. mgr. 14. gr. komi: Má í reglugerð ákveða dagsektir og tiltaka sektarfjárhæð fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 15. febrúar 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við fyrri málsgr. 8. gr. laganna bætist:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera kr. 350.00 fyrir fullorðið dýr og kr. 200.00 fyrir hvern yrðling.

2. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

- a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 700.00.
- b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 350.00.

3. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eittra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 19. marz 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1964

13. maí.

11

Nr. 10.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna komi ný málsgr., þannig:

Nú óskar innlánsstofnun að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu, og skal hún þá sækja um leyfi til þess til Seðlabankans. Leggur hann leyfisumsókn ásamt álitinu sínu fyrir ráðherra þann, sem fer með mál viðkomandi stofnunar, og tekur þá ráðherra ákvörðun um, hvort leyfi skuli veitt.

2. gr.

Í stað 2. til 4. málsgreinar 11. greinar laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, komi eftirfarandi málsgreinar:

Enn fremur skulu innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum, svo sem fyrir er mælt í 3. til 5. málsgrein þessarar greinar. Megintilgangur innlánsbindingar er að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þar á meðal endurkaupum afurðavíxla.

Seðlabankinn getur ákveðið, að fyrrgreindar innlánsstofnanir skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundradshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubindingin má hæst nema 25% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem um ræðir í 3. málsgrein.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkvæmt 3. og 4. málsgr., en bindiskyldan skal vera sú sama fyrir allar stofnanir.

3. gr.

Eftirfarandi viðbótarákvæði komi við 2. málsgrein 15. gr. sömu laga:

Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og/eða vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Skulu slík verðbréf og vextir af þeim undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 70 1962.

4. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist:

Er honum heimilt í því sambandi að taka að sér innheimtu ávísana, sem innlánsstofnanir hafa keypt og ónóg innstæða er fyrir, og áskilja innheimtugjald frá útgefanda, samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 13. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um ríkisborgararétt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Altmann, Walburga Maria Hedwig Theodora, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzka-landi 10. desember 1926.
2. Ágestad, Gudmund, vélvirki á Selfossi, f. í Noregi 7. júní 1928.
3. Bagutti, Sonja Jolanda (Ólafsson), húsmóðir að Syðstu-Mörk í V.-Eyjafjalla-hreppi í Rangárvallasýslu, f. í Sviss 12. okt. 1935.
4. Bat-Yosef, Miriam Hellerman, listmálari á Kirkjubæ I, Kirkjubæjarhreppi, f. í Ísrael 31. janúar 1931.
5. Demetz, Vincenzo Maria, söngkennari í Reykjavík, f. á Ítalíu 11. okt. 1912.
6. Grashoff, Christina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 26. marz 1926.
7. Jansen, Ruth Erna Margarethe, húsmóðir á Selfossi, f. í Þýzka-landi 10. ágúst 1934.
8. Jensen, Trond, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. september 1901.
9. Joensen, Frida, húsmóðir í Múla, Aðaldælahreppi, f. í Færeyjum 16. desember 1938.
10. Kidson, Peter George William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Englandi 24. maí 1919.
11. Klein, Siglinde Eleonore, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzka-landi 30. janúar 1937. (Fær réttinn 23. júní 1964).
12. Kroll, Marga, húsmóðir í Króki í Grafningshreppi, f. í Þýzka-landi 13. desember 1934.
13. Larsen, Benny Heinrich, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. ágúst 1936.
14. Mooney, Carll Ingvar, nemandi í Ytri-Njarðvík, f. í Bandaríkjunum 17. nóvember 1945.
15. Neffe, Harald Albert, skósmíðanemi í Reykjavík, f. í Þýzka-landi 13. janúar 1942.
16. Németh, Berta, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rúmeníu 30. maí 1927.
17. Németh, Wilmos, járnsmiður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 17. febr. 1928.
18. Olesen, Jörgen Faurholt, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 10. nóv. 1926. (Fær réttinn 30. apríl 1964).
19. Pedersen, Reidar Gunnar, skrifstofumaður í Reykjavík, f. á Íslandi 21. desember 1942.
20. Peschel, Ida Anna, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzka-landi 20. desember 1918.

21. Peschel, Viktor Paul Walter, útlarpsvirki í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 12. maí 1944.
22. Rasmussen, Finn, útlarpsvirki í Reykjavík, f. í Danmörku 15. nóv. 1937.
23. Simonsen, Bjarnfrída, húsmóðir á Þingeyri, f. í Færeyjum 9. júlí 1924.
24. Stö, Asbjörn, garðyrkjumaður á Þórustöðum í Ölfushreppi, f. í Noregi 22. febrúar 1920.
25. Sönderskov, Harry, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Danmörku 17. desember 1927.
26. Timmermann, Björk Sigrún, kennari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 16. ágúst 1942.
27. Östlund, Pétur Davíð, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. desember 1943.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenskan ríkisborgara-
rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslensk nöfn samkvæmt lögum
um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 11. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

91. gr. laganna orðist þannig:

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi
1. apríl, þó 15. maí árið 1964, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar
sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmarkis, ef
um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er
greiddur, og gildir það einnig um árið 1964. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig
að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal
eða endurgreiða skatt samkvæmt 87. gr., að rétttri tiltölu, ef skattskyld bifreið
hefur ónýtt eða skrásetningarmarki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetn-
ingarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en
sleppa skal broti úr mánuði, þannig að meira en hálfur mánuður reiknast sem heill
mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt. Kröfur um endurgreiðslu
samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella
fellur endurgreiðsluréttur niður.

Greiðsluskyldan hvílir á þeim, sem skráður er eigandi bifreiðarinnar í árs-
þýrjun, svo og þeim, sem síðar á skattárinu kunna að verða eigendur hennar.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni þungaskattur fyrir yfirstandandi skattár, svo og skoðunargjald og váttryggingargjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarkerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld af bifreiðinni séu greidd til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingargjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa þungaskatt af bifreiðum sínum eða bifhjólum fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá þann skatt dreginn frá þungaskatti, sem þeim ber að greiða fyrir skattárið 1964, samkvæmt lögum þessum, eða fá hann endurgreiddan, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

25. apríl.

Nr. 13.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 og lögum nr. 57 5. júní 1957 og lögum nr. 24 26. apríl 1963, um breytingu á þeim lögum, skal heimilt að innheimta með 200% álagi af kvikmyndasýningum og með 20% álagi af öðrum skemmtunum. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, sem skattskyldar kunna að vera, undanþegnar álaginu.

2. gr.

Setningin „árin 1957—1963, að báðum árum meðtöldum“ í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 57 frá 1957, sbr. 1. gr. laga nr. 52 frá 1962, falli niður.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða“ í 3. másl. 1. mgr. 69. gr. laganna komi: fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt þungaskatti og skoðunargjaldi bifreiða, og skal um endurgreiðslu iðgjaldsins vegna innilegu skrásetningarnúmers, ef til kemur, farið eftir þeim reglum, sem gilda um endurgreiðslu þungaskatts í slíkum tilfellum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa iðgjöld af öikumönnum bifreiða fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá sömu upphæð dregna frá iðgjaldi því, sem þeim ber að greiða af öikumönnum bifreiða árið 1964 samkvæmt lögum þessum, eða fá hana endurgreidda, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1964

21. maí.

17

Nr. 15.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

- | | | | |
|----|----------|---|-------|
| 1. | 12.05 00 | Í stað 30% komi | 20% |
| 2. | 15.12 | orðist svo: | |
| | 15.12 | Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu, hert, einnig hreinsuð, en ekki frekar unnin: | |
| | 01 | Sojabaunaolía | 10% |
| | 02 | Baðmullarfræsolia | 10% |
| | 03 | Aðrar oliur úr jurtaríkinu | 30% |
| | 09 | Oliur úr dýraríkinu | 35% |
| 3. | 19.02 00 | orðist svo: | |
| | 19.02 | Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd: | |
| | 01 | Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra | 50% |
| | 09 | Aðrar | 80% |
| 4. | 19.07 00 | Í stað „125%“ komi | 100% |
| 5. | 19.08 00 | Í stað „125%“ komi | 100% |
| 6. | 21.07 | Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi: | |
| | 03 | Neyðarmatvæli, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra | 20% |
| | 04 | Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra | 50% |
| 7. | 25.01 | orðist svo: | |
| | 25.01 | Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt), hreint natríumklóríd, saltupplausnir og sjór: | |
| | 01 | Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt) í smá-söluumbúðum 5 kg eða minna | 5% |
| | 02 | Fóðursalt | 0 |
| | 09 | Annað 1000 kg | 1 kr. |

8.	27.10	Nr. 70 falli niður. Í þess stað komi þrjú númer, svo hljóðandi:	
		<i>Aðrar:</i>	
	71	Íburðarefni í veiðarfæri	2%
	72	Ryðvarnarefni og ryðolia	35%
	79	Annars	15%
9.	30.03	00 orðist svo:	
	30.03	Lyf, einnig til dýralækninga:	
	01	Sælgæti (medicated sweets)	125%
	09	Annað	15%
10.	32.09	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	02	Prentþynnur	40%
11.	34.02	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	02	Efnivörur til sítunar og málningagerðar	35%
12.	34.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	04	Slípimassi	35%
13.	35.03	00 orðist svo:	
	35.03	Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrnum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatín-derivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím:	
	01	Lím annað en matarlím	50%
	09	Annað	100%
14.	36.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	02	Kveikipappír í mótora	35%
15.	38.13	00 orðist svo:	
	38.13	Bæs fyrir málma; bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun málma og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málm og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsuðuþráð:	
	01	Lóðningar- og logsuðuefni	20%
	09	Annað	35%
16.	38.19	Hér komi inn fjögur ný númer, svo hljóðandi:	
	14	Kol til kolburstagerðar	30%
	15	Prófefni (reagenser)	35%
	16	Hvatar til iðnaðarframleiðslu	35%
	17	Naftanöt	35%
17.	39.01	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	07	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
	09	orðist svo:	
	09	Annað	40%
18.	39.02	orðist svo:	
	39.02	Efni orðin til fyrir pólýmerisation og kópólýmerisation (t. d. pólýetylen, pólýtetrahalógenetylen, pólýisóbúten, pólýstyren, pólývínýlklóríd, pólývínýlacetat, pólývínýlklórídacetat og aðrir pólývínýlderivat, pólýacrylsýru- og pólýmetacrylsýruderivat, kúmarónindenharpix):	
	81	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	82	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur ..	30%

83	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	35%
84	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagarðar	30%
85	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
86	Límbönd	35%
87	Gólfúkur og gólfllisar	35%
88	Plötur til myndamótagerðar	15%
91	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
99	Annað	40%
19. 39.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
27	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
29	orðist svo:	
29	Annars	40%
20. 39.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
03	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
09	orðist svo:	
09	Annað	40%
21. 39.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
09	orðist svo:	
09	Annað	40%
22. 39.06	09 orðist svo:	
09	Annað	40%
23. 39.07	orðist svo:	
39.07	Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01—39.06:	
31	Netjakúlar og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%
32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
33	Lóðabelgir	4%
34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
35	Þjörgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
36	Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri	10%
37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar ...	35%
38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	50%
39	Vatnsferingarútbúnaður	35%
41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
43	Pokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki	90%
46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0.01 m ³ og stærri ..	50%
48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a.	60%
51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
52	Verkfæri, ót. a.	35%

	53	Pokar, ót. a.	50%
	54	Hreinlætistæki	80%
	55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h. ..	90%
	56	Fatnaður	90%
	58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
	61	Tunnur	35%
	62	Gluggar, gluggakarmar og hurðir	50%
	63	Veggplötur, formsteyptar	40%
	64	Úraglös	50%
	65	Rúður	50%
	66	Niðurskornar gervibeytur til handfæraveiða í sjó	4%
	89	Aðrar vörur úr plasti	100%
24.	40.08	02 orðist svo:	
		02 Annað svampgúmmi, þó ekki bönd, stengur og þræðir ..	50%
25.	40.09	00 orðist svo:	
	40.09	00 Pípur og slöngur úr toggúmmfi	35%
26.	40.11	01 orðist svo:	
	01	Hjólbarðar á bifreiðar og bifhjól, nýir	40%
		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	02	Hjólbarðar hvers konar, notaðir	35%
27.	40.13	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	03	Röntgenklæðnaður með blýinnleggi	35%
28.	40.14	03 orðist svo:	
	03	Hringir í niðursuðudósir	35%
		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
	05	Aðrar vörur til tækninota	35%
	06	Niðurskornar gervibeytur til handfæraveiða í sjó	4%
29.	44.25	orðist svo:	
	44.25	Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði (handföng, sköft og þess háttar), burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir bursta og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré, fyrir skósmíði:	
	01	Burstatré	35%
	02	Skósmíðaleistar	35%
	03	Sköft og handföng	35%
	09	Annað	35%
30.	44.28	orðist svo:	
	44.28	Aðrar vörur úr trjáviði, ót. a.:	
	81	Botnvörpuhlerar og bobbingar	2%
	82	Hjólklafar (blakkir)	35%
	83	Merkispjöld	35%
	84	Árar	50%
	85	Stýrishjól	35%
	86	Hnakkvirki og aktygjaklafar	70%
	87	Glugga- og dyratjaldastengur	80%
	88	Herðatré	100%
	91	Hefilbekkir	35%
	92	Skápa- og hurðahandföng	70%
	93	Tréteinar (drýlar)	50%
	99	Annars	100%

31.	45.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	05	Korkur í flöskuhettur	50%
32.	46.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	02	Töskuhöldur úr fléttiefnum	70%
33.	48.07	22 orðist svo:	
	22	Pappír og pappi vaxborinn eða plastborinn	30%
		Í stað „límbönd“ í nr. 25 komi: Límborinn pappír	30%
		Hér komi inn þrjú ný númer, svo hljóðandi:	
	26	Veggfóður	35%
	27	Einangrunarplötur	40%
	28	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%
34.	48.15	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	06	Hólkar (umbúðir úr pappír)	35%
35.	48.16	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	06	Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
	07	Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	2%
36.	48.21	Í stað „lampaskermar“ í 03 komi: Lampar og lampaskermar	90%
		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
	05	Pappír í dýptarmæla	4%
	06	Umbúðakassar og öskjur úr pappírmassa eða sellulósavatti	50%
37.	56.01	orðist svo:	
	56.01	Stuttar tilbúnar trefjar, hvorki kembdar, greiddar né að öðru leyti undirbúnar undir spuna:	
		Úr syntetiskum trefjum:	
	11	Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	19	Annað	20%
	20	Úr uppkembdum trefjum	20%
38.	57.04	orðist svo:	
	57.04	Önnur spunaefni úr jurtaríkinu, óunnin eða tilreidd, þó ekki spunnin; ruddi og úrgangur úr þessum spunaefnum (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar):	
	10	Trefjar úr sisalhampi og öðrum agavategundum og ruddi og úrgangur úr þeim	0
		Annað:	
	21	Húsgagnatróð í plötum	35%
	29	Annars	0
39.	58.05	00 orðist svo:	
	58.05	Ofin bönd og bönd búin til úr samanlímdu samhliða garni eða trefjum (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.06):	
	01	Borðar til umbúða	35%
	09	Annað	65%
40.	58.07	Hér komi inn tvö númer, svo hljóðandi:	
	02	Garn og kaðlar þess konar úr syntetiskum trefjum, sem vegur 0.5 g metrinn eða meira, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	03	Netateinar með sökkum eða flotholtum	20%

41.	58.10	00	Í stað „100%“ komi	80%
42.	59.04		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		05	Garn úr syntetiskum trefjum, sem vegur yfir 1 gr. metrinn, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
43.	59.09		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Einangrunarbönd	35%
44.	59.15	09	orðist svo:	
		09	Aðrar	35%
45.	60.03		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		05	Sjúkrasokkar	35%
46.	60.05	00	orðist svo:	
	60.05		Ytri fatnaður og aðrar vörur þrjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmíbornar:	
		01	Kjötpokar	2%
		09	Annað	90%
47.	60.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Hanzkar	90%
48.	61.08	00	Í stað orðsins „blússur“ komi: brjóst.	
49.	62.05		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
		02	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		03	Öryggisbelti	35%
50.	64.01		orðist svo:	
	64.01		Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmí eða plasti:	
		01	Vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		02	Skór hliðstæðir þeim, sem falla undir nr. 64.02.01 og 64.02.09	80%
		09	Annar	50%
51.	64.02		orðist svo:	
	64.02		Skófatnaður með ytri sóla úr leðri eða leðurlíkisdúk, skófatnaður (þó ekki skófatnaður, sem telst til nr. 64.01) með ytri sóla úr gúmmí eða plasti:	
		01	Kvenskór og barnaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	80%
		02	Vinnuskór með yfirhluta úr vefnaði, inniskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði eða flóka, allt með gúmmí- eða plastsóla og mismun á mestu hælþykkt og minnstu botnþykkt undir 1 cm, svo og skóhlífar og kuldaskór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsóla, allt eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
		09	Annar	100%
52.	65.05	00	orðist svo:	
	65.05	00	Hattar og annar höfuðfatnaður (þar með talin hárnét) úr þrjóna- eða heklvoð eða úr laufaborðum, knipplingum, flóka eða öðrum spunaefnum (þó ekki úr samfléttingum, böndum eða ræmum), einnig fóðrað og/eða bryddað	90%
53.	65.06	09	orðist svo:	
		09	Annars	90%

54.	68.04	00	orðist svo:		
	68.04	00	Kvarnasteinar, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt), úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efn-um, en þó ekki sett á grind; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir	35%	
55.	68.05	00	orðist svo:		
	68.05	00	Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. úr náttúrlegum steintegundum, úr samanlímdum náttúrlegum og tilbúnum slípiefnum eða úr leir	35%	
56.	68.06	00	orðist svo:		
	68.06	00	Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn, fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt	35%	
57.	68.12	Hér	komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
	02		Þakplötur báraðar	15%	
58.	68.16	Hér	komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
	03		Jurtapottar til gróðursetningar (sem eyðast í jörðu) ..	35%	
59.	69.13	00	orðist svo:		
	69.13		Leirstyttur og aðrar vörur til skeytingar, skrauthlutir til persónulegra nota; húsgögn:		
	01		Lampar og lýsingartæki	90%	
	09		Annað	125%	
60.	70.14	Hér	komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
	02		Glös fyrir olíulampa	35%	
	03		Luktagler og endurskinsgler fyrir ökutæki	35%	
61.	73.18	Nr. 30	falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi:		
			<i>Annað:</i>		
	31		Prófilpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%	
	39		Annars	35%	
62.	73.38	Hér	komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
	23		Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%	
63.	73.40	41	orðist svo:		
	41		Veiðarfæralásar, sigurnaglar, bobbingar, hleraskór, netjakúlur og sökku	2%	
64.	73.40	45	orðist svo:		
	45		Hjólklafar og hjól í þá, svo og handfæravindur	35%	
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
	48		Jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir	35%	
65.	74.05	00	orðist svo:		
	74.05		Koparþynnur, sem eru í mesta lagi 0.15 mm að þykkt (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gat-aðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar:		
	01		Þynnur í vatnskassaelement	15%	
	09		Annað	35%	

66.	74.07	00	orðist svo:		
	74.07		Pípur, pípuefni og holar stengur, úr kopar:		
		01	Úr fosfór bronze-legumálmí óunnum		15%
		09	Annað		35%
67.	74.18	00	orðist svo:		
	74.18		Önnur áhöld til heimilishalds, hreinlætistöki til notkunar innanhúss, og hlutar til þessara tækja og vara úr kopar:		
		01	Hreinlætistöki til innanhússnota og hlutar til þeirra ..		80%
		09	Annað		100%
68.	74.19	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:			
		02	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins		35%
69.	76.04	01	orðist svo:		
		01	Efni í hettur á mjólkurflöskur		20%
70.	76.06	00	orðist svo:		
	76.06		Pípur, pípuefni og holar stengur úr alúmíní:		
		01	Prófilpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins		15%
		09	Annað		35%
71.	76.16	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:			
		06	Einangrunarplötur		40%
		07	Hettur á mjólkurflöskur		20%
72.	78.04	00	orðist svo:		
	78.04		Blýþynnur, sem veга ekki meira en 1,7 kg/m² (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar; blýduft og blýflögur:		
		01	Blýduft		15%
		09	Annað		35%
73.	82.01	09	orðist svo:		
		09	Annað		35%
74.	82.02	00	orðist svo:		
	82.02	00	Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir (einnig tannlaus sagarblöð)		35%
75.	82.03	00	orðist svo:		
	82.03	00	Eftirtalin handverkfæri: Naglbítar, klippitengur, griptengur og aðrar slíkar tengur, einnig til að klippa eða skera; gatjárn og gattengur; pípuskerar; boltaskerar og annað þess háttar, málmklippur; skrúflyklar; þjalir og raspar		35%
76.	82.04	00	orðist svo:		
	82.04	00	Handverkfæri og handáhöld (þar með talin samsett glerskurðartæki), sem teljast ekki til einhvers annars númers þessa kafla; blásturslampar, steðjar; skrúfstykki og þvingur (þó ekki vélskrúfstykki); færanlegar smíðjur og slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótúnir)		35%
77.	82.05	00	orðist svo:		
	82.05	00	Skiptiverkfæri í handverkfæri, mekanísk handverkfæri og -smíðavélar (t. d. til að pressa, stansa, bora, snitta, fræsa, skera, snúa, víkka, þrengja og skrúfa), hér með talin mót til að draga málmbráð og pressa heita málma, einnig stjórnur á grjótbora		35%

78.	82.06	orðist svo:		
	82.06	00	Hnífar og skurðarblöð í vélar og mekanísk tæki	35%
79.	82.07	00	orðist svo:	
	82.07	00	Plötur, stengur og oddar og aðrir þess konar lausir hlutar í verkfæri, úr hálfbræddum málmkarbídum (t. d. karbíd úr wolfram, molybden og vanadíum)	35%
80.	82.10	00	orðist svo:	
	82.10	00	Hnífablöð	35%
81.	82.15	00	orðist svo:	
	82.15	00	Sköft úr ódýrum málm til vara þeirra, er teljast til nr. 82.09, 82.13 og 82.14	35%
82.	83.05	00	orðist svo:	
	83.05		Smávarningur og útbúnaður fyrir lausblaðabindi, bréfabindi, bókhaldsbækur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum; bréfhaldarar, bréfastemmur, heftiklemmur, merki í spjaldskrár og aðrar svipaðar vörur til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum:	
		01	Stifti í heftivélar	50%
		09	Annað	80%
83.	83.07	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		04	Götuljóskey, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
		05	Flúrskinslampar	70%
84.	84.15	Nr. 30 falli niður. Í stað þess komi tvö númer, svo hljóðandi:		
			<i>Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, rafmagnsknúin:</i>	
		31	Kælitæki	80%
		39	Varahlutir í kælitæki (þó ekki fylgihlutir), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
85.	84.18	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		24	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þau og tæki, sem falla undir nr. 84.18. 21, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
86.	84.19	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í uppþvottavélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
87.	84.22	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Heyblásarar (til að færa til hey), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
88.	84.40	Á þessu númeri verði eftirtaldir breytingar:		
			Inn komi nýtt númer, svo hljóðandi:	
		14	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 84.40. 12	50%
			20 falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi:	
			<i>Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar:</i>	
		21	Fataþvottavélar	80%
		29	Varahlutir í þær	50%
89.	85.04	00	orðist svo:	
	85.04		Rafgeymar:	
		01	Efni í rafgeyma	30%
		09	Annað	40%

90.	85.05	00	orðist svo:		
	85.05	00	Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli		35%
91.	85.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
	04		Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 85.06		50%
92.	85.07		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
	03		Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í rafmagnsrakvélar		50%
93.	85.12		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
	07		Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þær, sem falla undir nr. 85.12		50%
94.	85.15		Nýtt númer:		
	33		Neyðartalstöðvar af þeirri gerð, sem notaðar eru í gúmmí-björgunarbatum, viðurkenndar sem slíkar af Skipaskoðun ríkisins		4%
95.	87.02		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
	38		Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru lögreglubifreiðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins		40%
96.	90.16	00	orðist svo:		
	90.16	00	Tæki til teikunar, afmörkunar og útreiknings (t. d. pantógrafar, teiknifæri, reglustikur, reiknistokkar, reikniskífur o. fl.), tæki og áhöld til mælinga, endurmælinga og prófana, enda falli þau ekki undir annað númer þessa kafla (t. d. míkrometer, rennimál, málbönd, mælistikur og jafnvægistæki (balancing machines)) og prófilprójektörar		35%
97.	92.03	00	orðist svo:		
	92.03		Pípu- og tunguorgel, þar með talin harmóníum og önnur svipuð hljóðfæri:		
	01		Orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins		0
	09		Önnur		30%
98.	95.08	00	orðist svo:		
	95.08		Mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, kolvetnisgúmmí úr jurtaríkinu, náttúrlegum harpíxum (t. d. kópal eða kólófóníum) eða mótunardeigi, svo og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót. a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín, er telst til nr. 35.03) og vörur úr óhertu gelatíni:		
	01		Gelatínbelgir utan um lyf		15%
	09		Annað		100%
99.	96.02	03	orðist svo:		
	03		Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum		35%
100.	97.04	09	orðist svo:		
	09		Önnur		90%
101.	98.02	00	orðist svo:		
	98.02		Rennilásar og hlutar til þeirra:		
	01		Málmstykki til framleiðslu á rennilásum		50%
	09		Annað		70%

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 16. liður orðist svo:

Að fella niður gjöld af umbúðum, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.

2. 18. liður orðist svo:

Að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar til samræmis við gjöld af prentletri.

3. 1. mgr. 27. liðs orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 150 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. kr.

4. 30. liður orðist svo:

Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur. Sama gildir um hverfla og þrýstivatnspípur til raflýsingar á sveitabæjum.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

5. Á eftir 34. lið komi fimm nýir liðir, svo hljóðandi:

35. Að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappírspokum, sem telst nr. 48.01.30 og 48.01.52 í tollskrá, sem svari því, að af efni þessu sé greiddur 15% verðtollur.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

36. Að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því, að af þeim sé greiddur 35% verðtollur.

37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni.

38. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.

39. Að ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

2. gr.

10. gr. b. og c. orðist svo:

b. Allt að 1% af rekstri verzlunarskipa og af fiskiðnaði.

c. Allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.

2. mgr. 10. gr. falli niður.

3. gr.

19. gr. orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 17.—18. gr.

Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldskrá, sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

4. gr.

Fyrir orðin „þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum s. l. ár“ í 20. gr. laganna komi: þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins.

5. gr.

26. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 17.—19. gr.

6. gr.

31. gr. orðist svo:

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.

Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær samkv. 32. gr.

Fyrir einstaklinga 25000 kr.

Fyrir hjón 35000 kr.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda, 5000 kr.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurfjöfnun.

7. gr.

A-liður 32. gr. orðist svo:

A. Af útsvarsskyldum tekjum samkv. 31. gr. greiða:

1. Einstaklingar og hjón:

Af fyrstu 40000 kr. 20%.

Af 40000 kr. og þar yfir 8000 kr. af 40000 kr. og 30% af afgangi.

2. Félög:

Af fyrstu 75000 kr. 20%.

Af 75000 kr. og þar yfir kr. 15000 af 75000 kr. og 30% af afgangi.

8. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnnum (framtalsnefndum) er þó heimilt að leggja á útsvör án milli-göngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té framtöl skattgreiðenda (framteljenda) í sveitarfélaginu til hliðsjónar við álagninguna. Sveitarstjórn (framtalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagningu sveitarstjórna ákvæði laga þessara.

9. gr.

34. gr. 2. mgr. orðist svo:

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 20 hundraðshlutum.

10. gr.

65. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnnum ber að endurgreiða skattayfirvöldum allan beinan útlagðan kostnað, sem leiðir af starfi þeirra fyrir sveitarfélögin, samkv. lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurgreiðslu kostnaðar, samkv. 1. mgr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1964.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra, ásamt ákvæðum laga nr. 42/1963 og nr. 43/1963, inn í meginmál laga nr. 69/1962 og gefa lögin um tekjustofna sveitarfélaga út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur hundraðshluti veltuútsvars af fiskiðnaði verið lægri á árinu 1961 í einhverju sveitarfélagi en hámarkshundraðshluti aðstöðugjalds er af slíkri starfsemi, samkv. 2. gr. laga þessara, og má þá hundraðshluti aðstöðugjalds aðeins hækka árlega um þriðjung mismunarins á árunum 1964, 1965 og 1966.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um ávöxtun fjár tryggingafélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með tryggingafélögum er í lögum þessum átt við þá, sem tryggingastarfsemi reka hér á landi. Lögín taka þó ekki til:

- a) almannatrygginga,
- b) atvinnuleysistrygginga,
- c) lífeyrissjóða, sem stofnaðir eru með lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
- d) Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélaga,
- e) tryggingastarfsemi, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, svo sem sjúkrasjóða stéttarféлага o. þ. l. Leiki vafi á, hvort tryggingastarfsemi fellur undir ákvæði laga þessara, sker félagsmálaráðherra úr.

2. gr.

Tryggingasjóður líftrygginga skal ávaxtaður á eftirfarandi hátt:

- 1) Í ríkisskuldabréfum.
- 2) Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- 3) Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
- 4) Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem félagsmálaráðherra tilnefnir.
- 5) Í fasteign, sem félagið á og hefur skrifstofur sínar í, svo og í íbúðarhúsum. Fasteignir samkvæmt þessum lið skulu aldrei metnar hærra en sem svarar $\frac{3}{4}$ húsverðs samkvæmt brunabótamati og $\frac{3}{4}$ fasteignamatsverðs eignarlóðar.
- 6) Í lánnum, tryggðum með veði í tryggingum félagsins, allt að endurkaupsverðmæti þeirra.

Með tryggingasjóði, samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, er átt við samanlagt verðmæti allra gildra trygginga að viðbættum gjaldföllum tryggingarupphæðum og tilkynntum, en ógreiddum, bónusupphæðum.

3. gr.

Fé tryggingafélaga, annað en lífeyrissjóður líftrygginga samkvæmt 2. gr., skal, að svo miklu leyti sem unnt er, ávaxtað samkvæmt ákvæðum 1.—5. töluliðs 2. gr., og jafnan skulu a. m. k. $\frac{3}{4}$ samanlagðrar verðbréfa- og vixlaignar vera ávaxtaðir á þann hátt, sem um ræðir í 1., 2. og 4. tölulið 2. gr., og í skuldabréfum sveitarfélaga.

4. gr.

Árlega skal verja 25% af ráðstöfunarfé tryggingasjóðs líftrygginga til kaupa á íbúðalánabréfum af Húsnæðismálastofnun ríkisins. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákveðið fyrirfram fyrir eitt ár í senn, að allt að 25% af öðrum verðbréfa- og vixlakaupum tryggingafélaga skuli vera með sama hætti.

Með ráðstöfunarfé samkvæmt þessari grein er átt við hreina aukningu að viðbættum afborgunum og útdregnum bréfum.

Kaupverð bréfa þeirra, sem tryggingafélög kaupa samkvæmt 1. málsgrein, skal miðast við hæstu lögleyfða fasteignalánsvexti á þeim tíma, er kaup fara fram. Skuldabréf með vísitölutryggingu afborgana og vaxta skal þó kaupa við nafnverði.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd skuldabréfakaupa samkvæmt 1. málsg. 4. gr., sem eiga skulu sér stað eigi sjaldnar en missirislega, og hlutast að öðru leyti til um framkvæmd laga þessara.

Verði dráttur á skuldabréfakaupum umfram það, sem heimilt er samkvæmt reglum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. málsg., er ráðuneytinu heimilt að beita sektum, allt að 1% af þeirri fjárhæð, sem vantar á tilskilin kaup fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem drátturinn nemur.

6. gr.

Nú gegna fyrirsvarsmenn tryggingafélags eigi skyldum þeim, sem á þá eru lagðar með lögum þessum, og getur félagsmálaráðherra þá lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

7. gr.

Nú eru í lögum ákvæði um ávöxtun fjár einstakra tryggingafélaga, og skulu þau þá halda gildi sínu að því leyti, sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er fé tryggingafélags við gildistöku laga þessara ekki ávaxtað í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr., og skal þá félagsmálaráðherra veita félaginu frest til að koma þessum málum í lag. Lengd frestsins skal ákveða með hliðsjón af samsetningu verðbréfaeignar við gildistöku laganna, enda skuldbindi félagið sig til að fylgja ákveðinni áætlun í þessu efni.

Félagsmálaráðherra getur fyrir 1. júlí 1964 ákveðið kaup íbúðalánabréfa, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 4. gr., á síðari árshelmingi 1964.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. grein laganna orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldu-sparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kaupúnum, en í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ½ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjáröfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samantlagt að minnsta kosti 50000 kr.

Sérhverjum skal heimilt að leggja til hliðar í þessu skyni hærri hluta launa sinna en 15%, byrja sparnaðinn fyrir en tilskilið er og halda honum áfram lengur. Þeir, sem lagt hafa fé í Stofnlánadeild landbúnaðarins og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr Stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar. Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og húsnæðismálastjórn að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. grein, skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

SKIPULAGSLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um stjórn skipulagsmála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með stjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn ríkisins eiga sæti 5 menn: Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri, svo og tveir menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, annar eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, en hinn án tilnefningar. Varamenn hinna tveggja síðasttöldu skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kys sér sjálf formann, varaformann og ritara til fjögurra ára í senn.

Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum, er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf, vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt, sem skipulagsmál varðar, og fara að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því, sem segir í lögum þessum. Ef ágreiningur verður milli aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála, þ. e. skipulagsstjórnar ríkisins og sveitarstjórnar, sker ráðherra úr, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í lögum þessum.

Ráðherra ákveður skipulagsstjórn laun, sem greiðast ásamt öllum kostnaði við störf hennar, úr ríkissjóði.

2. gr.

Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins að fengnum tillögum skipulagsstjórnar. Hann fer í umboði ráðuneytisins og skipulagsstjórnar með framkvæmdir í skipulagsmálum eftir því, sem lög þessi ákveða.

Skipulagsstjóri sér um mælingar, gerð skipulagsuppdráttar og endurskoðun þeirra í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Hann getur þó leyft, að slíkar mælingar og gerð skipulagsuppdráttar séu falin sérmenntuðum mönnum, er starfi í samráði við hann. Hann ákveður í samráði við skipulagsstjórn, að hvaða skipulagsverkefnum skuli unnið hverju sinni.

Skipulagsstjóri hefur umsjón með því, að hvarvetna sé farið eftir gildandi skipulagi. Hann skal fylgjast með störfum byggingarnefnda. Skipulagsstjóri skal sitja fundi skipulagsstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Honum er heimilt með sama hætti að sitja fundi byggingarnefnda.

Nú telur skipulagsstjóri, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, og skal hann þá leita úrskurðar ráðherra um, hvort það skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri leitar úrskurðar samkvæmt framansögðu, er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, unz úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður umsagnar skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórnar, sem skulu senda umsagnir sínar innan hæfilegs frests, sem ráðherra tiltekur.

Skipulagsstjórn og skipulagsstjóri skulu árlega gefa ráðuneytinu skýrslu um störf sín.

Laun skipulagsstjóra, svo og annar kostnaður við störf hans, svo sem laun starfsmanna hans, skrifstofu- og ferðakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Nú hagar svo til, að skipulag í einu sveitarfélagi er, að dómi skipulagsstjórnar, svo háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi, eða í fleiri nærliggjandi sveitarfélögum, að nauðsyn beri til þess að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög, og getur ráðherra þá ákveðið, að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um skipulag, sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.

Sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, en skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.

Skipulagsstjórn skal aðstoða nefndina við störf sín eftir þörfum.

Samvinnunefnd getur með samþykki skipulagsstjórnar leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þörf krefur.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og ákveður kjörtíma hennar, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

II. KAFLI

Um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar.

4. gr.

Skylt er að gera skipulagsuppdrætti að öllum kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, úrskurðað, að ákvæði laga þessara nái til annarra staða en um ræðir í 1. mgr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

Úrskurður ráðherra um skipulagsskyldu er fullnaðarúrskurður. Úrskurð um skipulagsskyldu skal birta í Stjórnartíðindum og tilgreina þar mörk hins skipulagsskylda svæðis.

5. gr.

Á skipulagsskyldu svæði skulu allar byggingar og önnur mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt. Þess skal og gætt, að öllum lögnum rafmagnsveitna, síma, vatnsveitna o. s. frv. sé hagað í samræmi við hann. Sveitarstjórn (byggingarnefnd) ber að sjá um, að svo sé gert.

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi um skipulagsskyldan stað eða aðeins til um hluta hans, og getur þá skipulagsstjórn, að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt, enda telji hún, að þær geti samrýmzt væntanlegu skipulagi, sbr. og 2. mgr. 12. gr.

6. gr.

Nú er bygging eða gerð mannvirkis hafin á skipulagsskyldu svæði, án þess að tilskilin leyfi séu fengin, eða á annan hátt byggt en leyfi stendur til og skipulag gerir ráð fyrir, og skal sveitarstjórn (byggingarnefnd) þá hlutast til um, að framkvæmdir verði þegar stöðvaðar og fjarlægð það, sem byggt kann að hafa verið án leyfis. Gerist þess þörf, skal leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd yfirvalds, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður á forgangsveð fyrir endurgreiðslu-kröfu sinni í því efni, sem komið er í hina ólöglegu byggingu.

Nú kemur í ljós, að skipulagsákvæði eru brotin, og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til að leiðrétta það, og skal þá ráðuneytið, að fengnum tillögum skipulagstjórnar, hlutast til um, að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bág við gildandi skipulag, verði fjarlægð á kostnað sveitarsjóðs.

III. KAFLI**Um mælingar skipulagsskyldra staða.****7. gr.**

Á öllum skipulagsskyldum stöðum skal mæla svæði það, sem byggð nær yfir, og eigi minna land umhverfis en ætla má, að fullnægi eðlilegum vexti byggðarinnar næstu 25 ár.

Skipulagsstjóri ákveður í samráði við skipulagsstjórn, hvar mælingar og endurskoðun eldri mælinga skuli fram fara hverju sinni.

8. gr.

Eigendum (umráðamönnum) lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum umferð um lönd og lóðir eftir því, sem þörf krefur, vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki (hæðarmerki á hús og merki á jörðu), þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

9. gr.

Um gerð og frágang uppdráttu samkvæmt þessum kafla fer eftir reglugerð, sem ráðherra setur.

IV. KAFLI**Um gerð skipulagsuppdráttu.****10. gr.**

Á skipulagsuppdrætti, samkvæmt 4. gr., skal sýna aðalumferðaræðar, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi og opin svæði, svo og staðsetningu nauðsynlegra bygginga til almenningsþarfa o. s. frv. Þar skal einnig gera grein fyrir nýtingarhlutfalli, sbr. 13. gr.

Heimilt er skipulagsstjórn með samþykki sveitarstjórnar að fresta ákvörðun um skipulagningu hluta af landssvæði skipulagsskylds staðar, og skal þá auðkenna slíkt svæði sérstaklega. Slík ákvörðun getur gilt allt að 10 ár í senn, en að loknum þeim tíma skal tekið til nýrrar athugunar, hvort ráðizt skuli í skipulagningu þessa svæðis að nokkru eða öllu leyti.

Ef ekki næst samkomulag milli skipulagsstjórnar og sveitarstjórnar um það, hvort nota skuli heimild til frestunar, samkvæmt 2. mgr., sker ráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar beggja aðila.

Sveitarstjórn skal láta þinglýsa slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þær eignir, sem ákvarðanirnar taka til. Slík skjöl skulu undanþegin gjöldum í rikissjóð og sveitarsjóð.

11. gr.

Þar sem gerður hefur verið skipulagsuppdráttur, samkvæmt 10. gr., skal, þar sem þörf krefur, einnig gera séruppdrætti að skipulagi einstakra bæjarhverfa.

Á séruppdrætti skal gerð nánari grein fyrir skipulaginu í einstökum atriðum, svo sem legu og breidd gatna, breidd akbrauta og gangstétta, lóðamörkum, staðsetningu bygginga, stærð þeirra og hæð. Þar má og kveða nánar á um gerð húsa og útlit eftir því, sem ástæða þykir til.

Á séruppdrætti er heimilt að víkja nokkuð frá meginreglum skipulagsuppdráttar, samkvæmt 10. gr., að því er varðar einstök atriði skipulags, þó því aðeins, að með því verði ekki raskað að verulegu leyti nýtingarhlutfalli því, sem ákveðið hefur verið í hverfinu, samkvæmt 13. gr.

12. gr.

Nú er ákveðið að beita ákvæðum 3. gr. um svæðaskipulagningu, og skal þá gera uppdrátt af því svæði, sem um er að ræða, svo sem fyrir er mælt í 10. gr., eftir því sem þörf krefur.

Ef talið er æskilegt að fresta um tiltekið árabíl, þó ekki lengur en 10 ár í senn, ákvörðun um skipulagningu hluta af svæðinu, skal auðkenna það sérstaklega á uppdrætti. Er þá óheimilt að reisa á svæðinu nokkur varanleg mannvirki, nema sérstök heimild skipulagsstjórnar komi til. Heimilt er þó sveitarstjórn í samráði við skipulagsstjóra að leyfa byggingar á svæðinu, ef hún telur slíkt nauðsynlegt vegna atvinnurekstrar, sem þar er fyrir. Binda má leyfi því skilyrði, að umrætt mannvirki verði fjarlægð sveitarsjóði að kostnaðarlausu, þegar þess verður krafizt.

Þinglýsa má slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þeim eignum, sem ákvarðanir taka til. Skulu slík skjöl undanþegin gjöldum í rikissjóð og sveitarsjóð.

Samvinnunefndin skal sérstaklega auðkenna þau svæði, sem hún telur heppilegast að skipulögð verði endanlega og gerð byggingarhæf á næstu 10 árum frá því, að uppdrátturinn tekur gildi.

Í reglugerð má kveða nánar á um gerð slíkra uppdrátta, sbr. og 13. gr.

13. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, setja reglugerð um gerð skipulagsuppdrátta, samkvæmt 10. og 11. gr.

Þar skal m. a. ákveðið um mælikvarða og frágang uppdrátta, og hver greinargerð fylgja skuli uppdrætti. Einnig skal þar ákveðið, hvaða lágmarkskröfur gera skuli um fjölda opinna bifreiðastæða, er fylgja hverju húsi eða byggingarreit, og skal í því efni miða við notkun þess, svo og um stærð leiksvæða fyrir börn á lóðum íbúðarhúsa og athafnasvæði fyrir íbúa að öðru leyti. Enn fremur skal þar kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, og skal í því efni við það miðað, að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss. Þá skal og kveða þar á um nýtingarhlutfall í hinum ýmsu hverfum, en nýtingarhlutfall er hlutfallið milli samanlagðs gólfflatar húss og lóðarstærðar. Ákveða má, að auðkenndir skuli sérstaklega á uppdrætti þeir staðir, sem eru áberandi, t. d. við torg og aðalgötur, og sé leyfi til byggingar þar bundið samþykki skipulagsstjórnar.

14. gr.

Skipulagsstjórn getur með samþykki ráðherra látið fram fara opinbera samkeppni um skipulag ákveðins sveitarfélags, hluta þess eða svæðis, sem nær að

nokkru leyti eða öllu yfir tvö sveitarfélög eða fleiri. Áður en slík samkeppni er ákveðin, skal skipulagsstjórn leita umsagnar þeirra sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.

Um samkeppnina skal fara eftir þeim samkeppnisreglum, er skipulagsstjórn samþykkir, en að öðru leyti sker ráðherra úr vafaatriðum, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

15. gr.

Þegar skipulagsstjórn hefur samþykkt tillögu að skipulagsuppdrætti, samkvæmt 10. gr. (svo og 11. gr. að því leyti, sem slíkt er nauðsynlegt), skal tillagan send viðkomandi sveitarstjórn (sveitarstjórnnum) til umsagnar. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn sína innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé settur. Ef umsögn berst ekki innan tiltekins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

16. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur lokið tillögu um skipulag ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni, skal hún senda málið til meðferðar skipulagsstjórnar.

Nú fellst skipulagsstjórn á skipulagstillöguna og skal tillagan þá send til umsagnar þeirra sveitarfélaga, sem hún tekur til. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé veittur. Ef umsögn berst ekki innan tilskilins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

Ef sveitarstjórn gerir breytingartillögur og samvinnunefnd getur ekki á þær fallizt, þá skal skipulagsstjóri boða til fundar samvinnunefndar og fulltrúa þeirra sveitarstjórna, sem um málið hafa fjallað að því leyti, sem málið geti varðað viðkomandi sveitarstjórn. Náist ekki samkomulag þar, ákveður skipulagsstjórn, hvort tillagan skuli lögð fram.

Nú hefur verið gerður skipulagsuppdráttur og ákveður skipulagsstjórn þá, hvort taka skuli athugasemdir sveitarstjórna til greina að einhverju eða öllu leyti.

V. KAFLI

Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu.

17. gr.

Nú ákveður skipulagsstjórn að leggja skipulagstillögu, samkvæmt 15. og 16. gr., fram opinberlega, og skal hún þá auglýsa slíkt á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað. Skal þar tilgreint yfir hvaða svæði tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi, en það má eigi vera skemur en 6 vikur, hvert skila skuli athugasemdum við tillöguna og innan hvers frests, en hann má eigi vera skemmri en 8 vikur frá birtingu auglýsingar, og jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem eigi geri athugasemdir innan tilskilins frests, teljist samþykkja tillöguna.

Skipulagsstjórn getur falið sveitarstjórn að annast framlagningu tillagna og auglýsinga, samkvæmt 1. mgr.

18. gr.

Athugasemdum við skipulagstillögu skal skilað til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal innan 8 vikna, nema skipulagsstjórn ákveði lengri frest, senda skipulagsstjórn athugasemdir þær, er borizt hafa, ásamt umsögn sinni um hverja athugasemd og endanlega umsögn um uppdráttinn.

Hafi samvinnunefnd fjallað um skipulagstillöguna, skal leitað umsagnar hennar um athugasemdirnar.

Skipulagsstjórn gengur síðan endanlega frá uppdrættinum og sendir hann ráðherra til staðfestingar.

Þegar ráðherra hefur staðfest uppdrátt, skal það birt í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð skipulagsstjórnar um mörk hins skipulagða svæðis og annað, er hún telur máli skipta.

19. gr.

Nú telur skipulagsstjórn eða sveitarstjórn, að endurskoða eða breyta þurfi staðfestum skipulagsuppdrætti, og fer þá um málsmeðferð, samkvæmt 15.—18. gr., eftir því, sem við á hverju sinni.

Byggingarframkvæmdir á þeim svæðum, sem óskað er breytingar skipulags á, eru þá háðar ákvæðum 2. mgr. 5. gr., sbr. 6. gr., unz endurskoðun eða breytingu skipulagsins er lokið.

Nú óskar sveitarstjórn, að gerðar verði breytingar á staðfestum skipulagsuppdrætti, er séu það óverulegar, að ekki sé talin ástæða til meðferðar, samkvæmt 1. mgr., og skal þá gera tillögu til skipulagsstjórnar um breytingarnar.

Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um það, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Ef skipulagsstjórn fellst á breytinguna, staðfestir hún hana, tilkynnir hana ráðuneytinu, sem sér um, að frá henni verði skýrt í Stjórnartíðindum.

20. gr.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar að fresta um ákveðið árabíl, þó ekki lengur en 10 ár í senn, staðfestingu skipulagsuppdráttar ákveðins svæðis, samkvæmt 10. (og 11. gr.), enda sé land það, sem uppdrátturinn tekur til, að öllu leyti í eigu sveitarfélagsins eða aðila, sem samþykkja þá tilhögun.

Þá er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fresta staðfestingu, ef sérstök óvissa ríkir um þýðingarmikil atriði, sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, er heimilt að falla frá þeirri opinberu auglýsingu og birtingu skipulagstillagna, sem um ræðir í þessum kafla.

Þótt uppdráttur hljóti ekki staðfestingu, samkvæmt 1. mgr., er sveitarstjórn (byggingarnefnd) skylt að fara eftir honum, og verður honum ekki breytt, nema gætt sé reglna 19. gr., eftir því sem við á.

21. gr.

Nú hefur skipulag hlotið staðfestingu, en lóðaskipting á tilteknum byggingarreit eða hluta hans er að dómi skipulagsstjórnar svo óhentug, að miklum erfiðleikum er bundið eða ekki unnt að byggja samkvæmt því, nema breyting á lóðamörkum komi til, og skal hún þá gera tillögu um nýja lóðaskiptingu. Ef sveitarstjórn samþykkir lóðaskiptinguna, skal hún leita samkomulags við lóðaeigendur um nauðsynlegar breytingar.

Ef ekki næst samkomulag, getur sveitarstjórn látið fram fara eignarnám í samræmi við ákvörðun sína.

22. gr.

Nú er lóð á skipulögðum reit að dómi skipulagsstjórnar svo óheppilega löguð eða svo lítil, að ekki megi nýta til bygginga samkvæmt skipulagi, og má þá ákveða, að hún verði lögð við aðra lóð eða lóðir.

Ef eigendur verða ekki ásáttir um eignarhlutdeild í hinni nýju lóð, skal úr þeim ágreiningi skorið með mati dómkvaddra manna.

VI. KAFLI

Um framkvæmd skipulags eldri hverfa.

23. gr.

Nú telur sveitarstjórn rétt að beita sér fyrir því, að hafizt verði handa um endurbyggingu byggingarreits eða hluta af honum í samræmi við staðfest skipulag, og skal þá gerð um það sérstök ályktun.

Ályktun þessi skal tilkynnt skriflega eigendum (umráðamönnum) fasteigna á umræddu svæði. Nú telur sveitarstjórn vafa leika á því, hverjum tilkynna skuli, og skal þá jafnframt birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði einu sinni. Skulu aðilar innan frests, sem sveitarstjórn ákveður og eigi má vera skemmri en fjórar vikur, tilkynna skriflega, hvort þeir óski að taka að sinu leyti þátt í endurbyggingunni og hefjast handa innan þess tíma, sem sveitarstjórn tiltekur.

Þegar sveitarstjórn hefur kynnt sér, hverjar undirtektir ályktunin hefur fengið, ákveður hún, hvort málinu skuli haldið áfram að sinni.

Ef ákveðið verður að halda áfram, skal tilkynna aðilum þá ákvörðun og jafnframt boða til sameiginlegs fundar þeirra. Skal í þeirri tilkynningu tekið fram, að verði af félagsstofnun um málið, megi þeir, sem ekki gerast þátttakendur, vænta þess, að fasteign (fasteignir) þeirra á svæðinu verði tekin eignarnámi af sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórn að binda eignarnám því skilyrði, að þeir, sem eru aðilar, skuldbindi sig til að kaupa viðkomandi eignir fyrir það verð, er sveitarstjórn verður að hlíta, þannig að hann verði skaðlaus.

Skylt er sveitarstjórn að bjóða aðilum, sem tjáð hafa sig fylgjandi félagsstofnun, forkaupsrétt. Ef fleiri en einn óska að neyta forkaupsréttar, sker sveitarstjórn úr, hverjum selja skuli. Ef forkaupsréttur er ekki notaður, getur sveitarstjórn selt hverjum þeim, sem gengst undir skuldbindingar um þátttöku í endurbyggingu með þeim skilmálum, sem sveitarstjórn setur.

24. gr.

Þegar þannig hefur verið gengið frá, að allir eigendur fasteigna á viðkomandi byggingarreit eða hluta byggingarreits hafa lýst sig reiðubúna að hefja byggingarframkvæmdir, skal fara fram mat, framkvæmt af dómkvöddum matsmönnum, ef eigendur verða ekki sammála um verð eignanna.

Kostnaður við matið skal greiddur úr sveitarstjórn, en heimilt er að endurkrefja eigendur viðkomandi fasteigna um helming kostnaðarins miðað við eignarhluta hvers um sig. Um framkvæmd mats fer eftir reglum laga nr. 61/1917.

25. gr.

Ef aðilar verða ekki ásáttir um annað félagsform, skal stofnað hlutafélag, og hefur sveitarstjórn forgöngu um þá stofnun.

Hlutdeild hvers um sig í hlutafélaginu skal miða við það lóðarandvirði (matsverð), sem hann leggur fram. Andvirði mannvirkja, sem á reitnum eru, og nauðsynlegt verður að fjarlægja, svo og niðurrifskostnað, skal telja til byggingarkostnaðar, nema öðruvísi semjist milli aðila.

VII. KAFLI

Um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur.

26. gr.

Sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt áskilið sveitarfélagi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan sveitarfélagsins, ef hún telur slíkt nauðsyn-

legt af skipulagsástæðum. Um meðferð slíkra mála fer eftir ákvæðum laga nr. 22/1932.

27. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki ráðherra, að taka eignarnámi landssvæði (fasteignir) innan sveitarfélagsins, ef skipulagsstjórn telur það nauðsynlegt vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins.

28. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að taka einstakar fasteignir eða hluta fasteignar eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna framkvæmda á staðfestu skipulagi.

29. gr.

Skaðabætur vegna framkvæmda á skipulagi skulu því aðeins greiddar, að um eignarnám sé að ræða, samkvæmt lögum þessum, eða svo sé ástatt, sem segir í grein þessari.

Nú gerir staðfest skipulag ráð fyrir því, að lóð rýrni svo mjög, að hún verði illa nothæf til byggingar, að dómi dómkvaddra manna, og skal þá greiða bætur, ef eigandi (umráðamaður) getur sýnt fram á, að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum. Bætur mega nema heildarandvirði eignarinnar, ef krafizt verður, að sveitarfélag taki við henni allri, en slíkt er þó því aðeins skylt, að sá hluti lóðar, sem eftir verður, sé að dómi dómkvaddra manna ónothæfur til byggingar.

Nú er ákveðin á staðfestum skipulagsupprætti tiltekin lega götu eða vegar eða að tiltekið svæði skuli tekið til almenningsnota, og slíkt veldur því, að dómi dómkvaddra manna, að eigandi fasteignar getur ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m. a. hagnýtingu fasteigna í næsta nágrenni, og á hann þá rétt á bótum. Ef eigandi krefst, er sveitarstjórn skylt að kaupa eignina fullu verði.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem þær hafa í för með sér á viðkomandi eign. Ef talið er, að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskyld tjón, skal engar bætur greiða. Enn fremur ber að miða við eftirtalin atriði í sambandi við ákvörðun bóta: Hvort nýtt skipulag hefur áhrif nú þegar eða síðar á verðmæti eignarinnar, hverjar kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsaheðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna, opin svæði o. s. frv., að því er snertir sambærilegar eignir, enn fremur hvort skipulagið gerir viðhorf fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðara eða óhagstæðara en áður var o. s. frv. Þá ber og að miða við þann arð, sem telja má, að eðlileg notkun eignarinnar gefi af sér.

Sá, sem telur sig eiga rétt á bótum, samkvæmt þessari grein, skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar innan tilskilins frests, sem sveitarstjórn ber að auglýsa með þeim hætti, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á hverjum stað. Fresturinn má ekki vera skemmri en 8 vikur.

Sveitarstjórn annast um, að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur samkvæmt þessari grein. Allar bætur samkvæmt lögum þessum skulu greiddar úr sveitarsjóði. Um framkvæmd mats fer samkvæmt lögum nr. 61/1917.

30. gr.

Nú er land í einkaeign og eigandi óskar, að því eða hluta þess verði breytt í byggingarlóðir, samkvæmt gildandi skipulagi, og skal sveitarstjórn slíkt heimilt, enda láti landeigandi endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almenningsþarfa, t. d. gatna, leikvalla o. s. frv., sem svarar $\frac{1}{3}$ af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða, sem heimild sveitarstjórnar nær til. Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóð eða lóðir, getur sveitarstjórn heimilað, að hann leysi sig

undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess, sem á vantar, samkvæmt mati dómkvaddra manna.

G 1— 9	Seljalandsskóla	— hreppavegur

Nr.	Vegur að:	Athugasemdir
G 1—10	Kapellu á Ytri-Sólheimum í Mýrdal	Var sýsluvegur
G 1—11	Kirkju og skóla í Litla-Hvammi	— einkavegur
G 1—12	Múlakotsskóla	— einkavegur
G 1—13	Kálfellskirkju	— einkavegur
G 5— 1	Strandarkirkju í Selvogi	— einkavegur
G 6— 1	Barnaskóla í Þorlákshöfn	— einkavegur
G 6— 2	Hjallakirkju í Ölfusi	— einkavegur
G 10— 1	Kirkju að Stóru-Borg í Grímsnesi	— einkavegur
G 10— 2	Félagsheimili að Stóru-Borg	— hreppavegur
G 10— 3	Mosfellskirkju	— hreppavegur
G 10— 4	Torfastaðakirkju	— hreppavegur
G 10— 5	Félagsheimili og skóla í Aratungu	— einkavegur
G 11— 1	Kirkju á Úlfljótavatni	— hreppavegur
G 12— 1	Skóla á Ljósafossi	— einkavegur
G 12— 2	Steingrímsstöð	— einkavegur
G 13— 1	Búrfellskirkju	— einkavegur
G 14— 1	Skólum á Laugarvatni	— s. og einkav.
G 14— 2	Kirkju í Miðdal	— einkavegur
G 14— 3	Úthlíð í Biskupstungum (kirkjustaður)	— einkavegur
G 20— 1	Haukadalskirkju	— einkavegur
G 22— 1	Hraungerðiskirkju	— einkavegur
G 25— 1	Félagsheimili og skóla í Brautarholti	— einkavegur
G 25— 2	Skálholtskirkju	— einkavegur
G 28— 1	Hrepphólakirkju	— hreppavegur
G 30— 1	Flúðaskóla	— hreppavegur
G 33— 1	Stóranúpskirkju	— sýsluvegur
G 33— 2	Ásaskóla	— einkavegur
G 41— 1	Kirkju í Gaulverjabæ	— einkavegur
G 41— 2	Skóla í Gaulverjabæ	— hreppavegur
G 45— 1	Kirkju í Villingaholti	— einkavegur
G 45— 2	Skóla í Villingaholti	— einkavegur
G 49— 1	Skóla í Þykkvabæ	— einkavegur
G 51— 1	Laugalandsskóla	— sýsluvegur
G 51— 2	Kirkju í Marteinstungu	— sýsluvegur
G 51— 3	Kirkju á Skarði	— einkavegur
G 52— 1	Hagakirkju	— einkavegur
G 54— 1	Árbæjarkirkju	— einkavegur
G 55— 1	Kirkju að Keldum	— sýsluvegur
G 60— 1	Kirkju og skóla á Stórólfshevoli	— sýsluvegur
G 60— 2	Breiðabólstaðarkirkju	— sýsluvegur
G 60— 3	Barnaskóla í Fljótshlíð	— einkavegur
G 60— 4	Hlíðarendakirkju	— sýsluvegur
G 62— 1	Akureyjarkirkju	— sýsluvegur
G 62— 2	Njálsbúð (félagsheimili)	— sýsluvegur
G 65— 1	Gunnarshólma (félagsheimili)	— sýsluvegur
G 65— 2	Kirkju á Krossi	— sýsluvegur
G 65— 3	Kapellu að Vomúlastöðum	— sýsluvegur
G 71— 1	Ásólfsskálakirkju	— sýsluvegur
G 76— 1	Barnaskóla að Skógum	— hreppavegur
G 79— 1	Reyniskirkju í Mýrdal	— einkavegur

Nr.	Vegur að:	Athugasemdir
G 79— 2	Eyrarlandi, félagsheimili í Mýrdal	Var einkavegur
G 83— 1	Þykkvabæjarklausturskirkju	— einkavegur
G 85— 1	Grafarkirkju í Skaftártungu	— einkavegur
G 86— 1	Skóla hjá Efri-Ey í Meðallandi	— einkavegur
G 86— 2	Langholtskirkju í Meðallandi	— einkavegur
G 86— 3	Skóla í Þykkvabæ í Landbroti	— hreppavegur
G 89— 1	Félagsheimili á Kirkjubæjarklaustri	— einkavegur
G 90— 1	Prestsbakkakirkju	— einkavegur

2. Flokkun þjóðvega, skv. III, 1, í undirflokkka.

1. Hraðbrautir A og B:

- A 1 Vesturlandsvegur. — Reykjavík—vegamót Þingvallavegar.
- A 2 Reykjanesbraut. — Reykjavík—Keflavík.
- E 1 Norðurlandsvegur. — Akureyri—vegamót Ólafsfjarðarvegur.
- C 1 Suðurlandsvegur. — Reykjavík—Selfoss.

2. Þjóðbrautir:

- A 1, } Vesturlandsvegur. — Vegamót Þingvallavegar—Vegamót Vestfjarðavegar.
- B 1 }
- A 2 Reykjanesbraut. — Annað en hraðbraut.
- A 9 Miðnesheiðarvegur.
- A 3, } Þingvallabraut.
- G 3 }
- B 6 Akranesvegur.
- B 16 Borgarnesbraut.
- B 24 Stykkishólmsvegur.
- B 40 Ólafsvíkurvegur.
- B 45 Grundarfjarðarvegur.
- C 1 Vestfjarðavegur.
- C 10 Barðastrandarvegur.
- C 36 Strandavegur. — Vegamót Norðurlandsvegar—Hólmavík.
- D 1, } Norðurlandsvegur. — Annað en hraðbraut.
- E 1 }
- D 28 Sauðárkróksbraut.
- D 37 Út-Blönduhlíðarvegur.
- D 38 Siglufjarðarvegur.
- D 53 Ólafsfjarðarvegur.
- E 18 Kinnarvegur.
- E 23 Þingeyjarsýslubraut.
- F 1 Austurlandsvegur. — Vegamót Norðurlandsvegar—Vegamót Hafnarvegar.
- F 2 Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur.
- F 31 Norðfjarðarvegur.
- F 39 Suðurfjarðavegur.
- F 50 Hafnarvegur.
- G 1 Suðurlandsvegur. — Vík—Selfoss.
- G 10 Biskupstungnabraut. — Vegamót Suðurlandsvegar—Vegamót Sogsvegar.
- G 12 Sogsvegur.
- G 38 Eyrarbakkavegur.
- G 7 Hafnarskeiðsvegur.

3. Aðrir þjóðvegir eru landsbrautir.

3. Aðalfjallvegir.**1. Kaldadalsvegur:**

Af Uxahryggjavegi (B 11) í Brunnnum um Kaldadal á Hvitársíðuveg (B 19) hjá Húsafelli.

2. Kjalvegur:

Af Geysisvegi (G 20) hjá Gullfossi um Hvitanes, Hveravelli á Kjalveg (D 20) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3. Fjallabaksvegur nyrðri:

Af Landvegi (G 51) hjá Galtalæk um Rangárbotna, Dómadalsháls, Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (G 84) hjá Búlandi.

4. Sprengisandsleið:

Af Fjallabaksvegi nyrðri í Rangárbotnum um Tungnaá hjá Haldi, Búðaháls, Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (E 14) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði. Enn fremur með álmu norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (E 21) hjá Mýri í Bárðardal.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. júní 1964.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

L Ö G**um tekjustofna sveitarfélaga.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:*

Að ég samkvæmt 12. gr. laga nr. 16 23. maí 1964, um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga inn í lög nr. 69 28. apríl 1962 og gef þau út svo breytt sem lög um tekjustofna sveitarfélaga.

I. KAFLI**Almenn ákvæði.****1. gr.**

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

- a. Fasteignaskattur.
- b. Aðstöðugjald.
- c. Framlög úr Jöfnunarsjóði. (Hluti af söluskatti og landsútsvör).
- d. Útsvör.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því, er lög þessi ákveða.

2. gr.

Auk tekna, samkvæmt 1. gr., hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveit-

um, rafmagnsveitum, hitaveitum o. fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem leyfisgjöld o. fl., allt eftir því, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

II. KAFLI

Um fasteignaskatt.

3. gr.

Á allar fasteignir, sbr. þó 6. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélaga, þar sem fasteign er.

Skattur þessi skal miðaður við fasteignamatsverð og vera sem hér segir:

- a. 2% af virðingarverði byggingarlóða.
- b. 1% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja.
- c. ½% af virðingarverði túna, garða, reita, erfðafestulanda og annarra lóða og lendna.

4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins, sem reiknast af heilum þúsundum virðingarverðs, og skal sleppa því, sem umfram er. Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda. Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

Gjalddagi skattsins er 15. janúar.

5. gr.

Með reglugerð, sem ráðherra staðfestir, getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. með allt að 200% álagi.

6. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem hvorki eru leigð út til skemmtana né rekin í ágóðaskyni, skólalús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú er hús sumpart notað til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot samkvæmt mati fasteignamatsmanna.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

III. KAFLI

Um aðstöðugjald.

8. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Undanþegnar aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr., svo og skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús, mjólkurbú og olíufélög, sem greiða landsútsvar.

9. gr.

Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja.

Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

10. gr.

Aðstöðugjald má eigi herra vera en hér greinir:

- a. Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
- b. Allt að 1% af rekstri verzlunarskipa og af fiskiðnaði.
- c. Allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekestri öðrum.
- d. Allt að 2% af öðrum atvinnurekstri.

11. gr.

Skattstjórar annast álagningu aðstöðugjalds, og skal það álagt í heilum hundruðum um króna.

Aðstöðugjald, sem ekki nær kr. 300.00, fellur niður.

Gjaldldagi aðstöðugjalds er 1. júlí.

12. gr.

Innheimta má aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef

- a. hann rekur þar fiskikaup, fiskiverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar.
- b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Skylt er gjaldanda að gefa hlutaðeigandi skattstjóra skýrslu um samanlögð útgjöld sín, sbr. 9. gr., vegna starfseminnar, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, innan loka framtalsfrests, ella áætla skattstjóri útgjöldin að fenginni umsögn framtalsnefndar eða hreppsnefndar.

13. gr.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um innheimtu aðstöðugjalds, og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 10. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

14. gr.

Þegar skattstjóri hefur lokið álagningu aðstöðugjalds samkvæmt þessum kafla, semur hann skrá um aðstöðugjöld í hverju sveitarfélagi og sendir hana þegar til sveitarstjórnar, sem innheimtir gjöldin.

IV. KAFLI

Um jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

15. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

- a. Að greiða framlag til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
- b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

- c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.
- d. Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör álgð samkvæmt 34. gr.
- e. Að styrkja, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

16. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{5}$ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10/1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum frá 1963, um tollskrá o. fl. Nú reynist svo eitt hvert ár, að $\frac{1}{5}$ hluti söluskatts nær eigi lágmarksársgreiðslu (56 millj. krónum) ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs, og má þá draga mismuninn frá greiðslum ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs næsta eða næstu ár á eftir, ef fimmtungur söluskatts nemur þá hærri fjárhæð en lágmarksársgreiðslu, til sjóðsins.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.

- b. Landsútsvör samkvæmt 17.—19. gr. laga þessara.

17. gr.

Landsútsvör greiða:

- a. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
- b. Síldarverksmiðjur ríkisins. Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðja ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
- c. Oliufélög, sem flytja inn oliur og olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu innanlands.

18. gr.

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

- a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja samkvæmt 17. gr. a.
- b. $1\frac{1}{2}$ % af heildarsölu stofnana þeirra, er um getur í 17. gr. b.
- c. $1\frac{1}{3}$ % af heildarsölu oliufélaga, sbr. 17. gr. c.

19. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 17.—18. gr. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldská, sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

20. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, en $\frac{3}{4}$ hlutum skal ásamt söluskatti, samkvæmt 16. gr. a, skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái herra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 15. gr. d.

Fé því, sem ekki verður úthlutað vegna ákvæðisins um 60% hámarkið, skal varið til þess að greiða kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð samkvæmt ákvæðum 15. gr.

Við úthlutun framlaga samkvæmt grein þessari er ráðherra heimilt að halda

eftir 1% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr., unz sjóðurinn nemur allt að kr. 5 000 000.00.

21. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna samkvæmt 20. gr. skal greitt þrisvar snum á ári, fyrir 15. maí, 15. október og 15. janúar.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

22. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags samkvæmt 15. gr. d.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hefur gefið tilefni til.

Ráðuneytið getur sett það skilyrði fyrir aukaframlagi, að sveitarstjórn hafi notað heimildir til hækkunar fasteignaskatta, sbr. 5. gr., og til innheimtu aðstöðugjalda samkvæmt III. kafla.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 21. gr.

23. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Skal sjóðurinn vera í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga samkvæmt 20. gr., greiðslur samkvæmt 15. gr., svo og afgreiðslur á vegum sjóðsins.

24. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

25. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

26. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 17.—19. gr.

V. KAFLI

Um útsvör.

A. Almennt um útsvör.

27. gr.

Upphæð útsvara í hverju sveitarfélagi skal þannig ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, að útsvörin ásamt öðrum tekjum sveitarfélagsins hrökkvi fyrir útgjöldum þess á árinu, þegar gert hefur verið ráð fyrir 5—10% vanhöldum við innheimtu þeirra.

Nú reynast útsvör þannig ákveðin hærri en vera skal samkvæmt 34. gr. 2. mgr. og koma þá til framkvæmda ákvæði d-liðs 15. gr. laga þessara.

B. Um útsvarsskyldu.

28. gr.

Eftirtaldir aðilar eru útsvarsskyldir, sbr. þó 29. gr. og 67. gr., með þeim takmörkunum, sem um getur í 31.—36. gr. laga þessara:

- a. Allir, sem eiga lögheimili hér á landi samkvæmt lögum nr. 35/1960, um lögheimili.
- b. Hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna, kaupfélög og önnur samvinnufélög, sameignarfélag og samlög. Nú eru ekki fleiri en þrjú félagar í sameignarfélagi með persónulegri ábyrgð, og er útsvar þá ekki lagt á félagið sjálft, heldur á hvern einstakan félagsmann, nema tilmæli komi um það frá félaginu einu ári áður en tekjur eru taldar fram.
- c. Sjóðir og stofnanir, sem reka atvinnu, svo og dánar- og þrotabú, sem tekjur hafa eða eiga eignir.
- d. Útlendingar, sem stunda atvinnu skemmri eða lengri tíma hér á landi eða á íslenskum skipum, sbr. lög nr. 22/1956. Sama gildir um íslenska ríkisborgara, sem ekki hafa lögheimili á Íslandi.
- e. Aðrir aðilar, sem ekki hafa lögheimili eða aðsetur hér á landi, en reka hér atvinnu eða eiga hér arðbærar eignir.

29. gr.

Undanþegnir útsvari eru:

- a. Forseti Íslands.
- b. Fyrirsvarsmenn annarra ríkja, sem hér dveljast, erlendir starfsmenn sendiráða og annað erlent þjónustufólk þeirra, vegna þeirra eigna og tekna, sem þeim hlotnast fyrir slík störf.
- c. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem dveljast erlendis, vegna eigna og tekna, sem þeim hlotnast fyrir þau störf.
- d. Giftar konur, nema þær eigi séreign eða hjúskapareign, sem gefa verulegan arð, hafi atvinnu aðra en heimilisstörf, eða hafi slitið samvistum við bónda sinn, en þá má leggja útsvar á þær.
- e. Þeir, sem greiða landsútsvar, sbr. 17. gr., þó ekki olíufélög, sbr. 17. gr. c.
- f. Félag, sem enga atvinnu reka, svo sem félag til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélag, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög o. fl.
- g. Ríkissjóður, ríkisstofnanir, svo og sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.

30. gr.

- a. Hvert sveitarfélag leggur útsvar á sína íbúa, sbr. 13. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili.
- b. Á aðra aðila skal lagt í því sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram.
- c. Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, og á hún allt útsvarið.
- d. Þó skal skipta útsvari á milli sveitarfélaga:
 1. ef gjaldandi flyzt búferlum á milli þeirra á árinu, áður en útsvar var á lagt. Útsvari skal skipt í réttu hlutfalli við þann tíma, sem gjaldandi átti lögheimili í hvoru eða hverju sveitarfélagi.
 2. ef útsvarsgjaldandi rekur atvinnustöð utan lögheimilissveitar eða í fleiri en einu sveitarfélagi, skal skipta útsvari, sem lagt er á tekjur, á milli hlutaðeigandi sveitarfélaga, svo sem hér segir: Útsvarinu skal skipt á milli sveitarfélaganna, miðað við verðmæti framleiddrar vöru eða veittrar þjónustu, viðskiptaveltu, starfsmannafjölda, nýtingu fastafjármuna og annað, sem skipt getur máli. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skiptingu útsvara skv. þessum tölulið.

- e. Engin sveit getur krafizt hluta af útsvari skv. d-lið, 1. tl., nema gjaldandi hafi átt þar rétt lögheimili a. m. k. þrjá mánuði á árinu, sem hann fluttist. Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en $\frac{1}{4}$ hluta af útsvari, sem skipt er skv. d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut þess sveitarfélags, sem skiptakröfu gerir, komi a. m. k. kr. 25000.00; þó má fjárhæðin lægri vera, ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, er kröfuna gerir.
- Tekjuútsvari aðila, sem jafnframt greiðir landsútsvar, skal ekki skipt.
- f. Kröfu um útsvarsskipti samkvæmt þessari grein, ásamt upplýsingum um búferlaflutning eða þau atriði, sem um ræðir í 2. tl. d-liðs, skal senda fyrir lok aprilmánaðar ár hvert til sveitarstjórnar, þar sem útsvar skal á lagt.
- g. Að lokinni niðurjöfnun sendir sveitarstjórnin kröfuna, með umsögn, til skattstjórans í umdæmi sínu til úrskurðar, nema samkomulag verði um aðra málsmeðferð.
- h. Skattstjóri sendir báðum (öllum) aðildarsveitum þegar úrskurð um skiptinguna, og er heimilt að áfrýja til rikisskattanevndar.
- i. Áfrýjunarfrestur er mánuður, frá því tilkynning um úrskurð var póstlögð.
- j. Eigi verður útsvar lagt á aðila nema í einu sveitarfélagi á sama ári.
- k. Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heimilissveit hans en atvinnusveit, svo að nemi a. m. k. 10%, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hefði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit. Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkvæmt úrskurði skattstjóra í umdæmi heimilissveitar, og standa atvinnusveit skil á honum. Úrskurði skattstjóra má áfrýja til rikisskattanevndar eftir almennum reglum, sbr. i-lið. Gjaldþegn getur og áfrýjað með sama fresti.

C. Upphæð einstakra útsvara.

31. gr.

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.

Frá hreinum tekjum gjaldanda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær samkv. 32. gr.

Fyrir einstaklinga 25000 kr.

Fyrir hjón 35000 kr.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda, 5000 kr.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

32. gr.

Útsvör skulu vera sem hér segir:

A. Af útsvarsskyldum tekjum samkv. 31. gr. greiða:

1. Einstaklingar og hjón:

Af fyrstu 40000 kr. 20%.

Af 40000 kr. og þar yfir 8000 kr. af 40000 kr. og 30% af afgangi.

2. Félög:

Af fyrstu 75000 kr. 20%.

Af 75000 kr. og þar yfir kr. 15000 af 75000 kr. og 30% af afgangi.

B. Af hreinum eignum greiðist:

Af 40—70 þús. kr.	greiðast	100 kr. af 40 þús. kr. og	5‰ af afg.
— 70—100 — —	—	250 — — 70 — — —	6‰ — —
— 100—150 — —	—	430 — — 100 — — —	7‰ — —
— 150—200 — —	—	780 — — 150 — — —	8‰ — —
— 200—250 — —	—	1180 — — 200 — — —	9‰ — —
— 250 þús. kr. og þar yfir	—	1630 — — 250 — — —	10‰ — —

33. gr.

Lækka skal útsvör gjaldenda frá því, sem ákveðið er í 32. gr. laga þessara, þegar eftirtaldar ástæður eru fyrir hendi:

- Sjúkrakostnaður, sem á þá fellur, ef verulegan má telja.
- Slys, dauðsföll, eignatjón, mikil tekjurýrnun eða önnur óhöpp, sem skerða gjaldgetu þeirra verulega.
- Uppeldis- og menningarkostnaður barna þeirra, sem eldri eru en 16 ára, sem þeir annast greiðslu á.

Heimilt er að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

34. gr.

Nú kemur í ljós, að útsvör samkvæmt 32.—33. gr. laga þessara reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlunin segir til um, og skal þá lækka eða hækka hvert útsvar að rétttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð, að viðbættum 5—10%, er náð.

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 20 hundraðshlutum.

35. gr.

Útsvar skal ákveðið í heilum hundruðum króna þannig, að 50 kr. eða lægri upphæð skal sleppt, en hærri upphæð hækkuð.

36. gr.

Sameignarfélög, þar með talin samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, greiða ekki útsvar af þeim tekjum, sem skipt er milli sameignenda í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu félagsins og lagt er á útsvar hjá þeim.

Samvinnufélög greiða ekki útsvar af arði, sem stafar af viðskiptum félagsmanna.

Félögin láta framtalsnefndum eða hreppsnefndum í té glögga skýrslu um viðskiptin við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annars kostar áætlaframtalsnefnd eða hreppsnefnd viðskiptin og arð af þeim. Kæra má áætlanir nefndanna eftir almennum reglum um útsvarskærur.

D. Um álagningu útsvara.

37. gr.

Bæjarstjórn kýs eftir hverjar reglulegar bæjarstjórnarkosningar 3—5 menn, og jafnmarga til vara, í framtalsnefnd til fjögurra ára, nema ákveðinn hafi verið skemmri kjörtími fyrir nefndina. Nefndin skiptir sjálf með sér störfum.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans á sæti í framtalsnefnd. Ekki á hann atkvæðisrétt í nefndinni, nema bæjarstjórn hafi kosið hann í hana. Kjósa má skattstjóra eða umboðsmann hans formann framtalsnefndar, þó að hann eigi þar eigi atkvæðisrétt.

38. gr.

Í hreppum annast hreppsnefnd störf framtalsnefndar, samkvæmt 42. gr., ásamt skattstjóra eða umboðsmanni hans.

Hreppsnefnd getur þó falið 1—3 mönnum úr sínum hópi, og er sveitarstjóri þar með talinn, að annast störf framtalsnefndar, ásamt skattstjóra eða umboðsmanni hans.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans á ekki atkvæðisrétt um störf framtalsnefndar í hreppsnefnd, nema hann sé jafnframt hreppsnefndarmaður eða hafi verið kosinn til starfanna af hreppsnefnd, en fela má honum forustu þessara starfa.

39. gr.

Um kjörgengi til framtalsnefnda og skyldu til setu í framtalsnefnd fer samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga um kjörgengi til sveitarstjórna og skyldu til setu í sveitarstjórn.

Ákvæði sveitarstjórnarlaga um fundahöld sveitarstjórna gilda um framtalsnefndir eftir því, sem við getur átt.

40. gr.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans skal veita þeim, er annast framtalsnefndarstörf, aðgang að öllum skattframtölum.

Framtalsnefndarmönnum, hreppsnefndarmönnum og öðrum þeim, sem annast störf framtalsnefnda, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að við framtalsnefndarstörf um hagi gjaldþegna.

41. gr.

Þóknun til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir framtalsnefndarstörf er innifalin í launum hans, en sveitarstjórn ákveður þóknun til annarra fyrir slík störf, sem greiðist úr sveitarsjóði.

42. gr.

Hlutverk framtalsnefndar er:

- a. að rannsaka skattframtölin og úrskurða til útsvarsálagningar, sbr. þó 2. mgr.,
- b. að áætla tekjur og eignir þeirra, sem ekki hafa skilað skattframtali innan lögboðins frests, en við þá áætlun skal miða álagningu útsvara á þessa aðila,
- c. að ákveða, að hverju leyti skuli til greina taka ýmis atvik í sambandi við álagningu útsvara, sem lög ákveða eða heimila að tillit sé tekið til, sbr. 33. gr.,
- d. að semja skrá yfir tekjur og eignir gjaldenda, sem miða skal útsvörin við, samkvæmt stafliðum a—c,
- e. að senda skrá þá, sem um ræðir í d-lið hér að framan, til hlutaðeigandi skattstjóra, ásamt upplýsingum um upphæð útsvara samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins,
- f. að úrskurða allar kærur vegna útsvarsálagninga, sem fram kunna að koma, samkvæmt 52. gr. laga þessara.

Nú hyggst framtalsnefnd eða hreppsnefnd breyta framtali gjaldanda í óhag, er hún úrskurðar það, sbr. a-lið þessarar greinar, og skal hún þá tilkynna honum þá fyrirætlun og gefa honum kost á að gæta réttar síns. Þetta ákvæði gildir þó ekki um leiðréttingar á augljósum villum, svo sem færslum í framtölum, sem brjóta í bága við lagafyrirmæli, eða reikningskekkjum.

43. gr.

Störfum þeim, sem um ræðir í 42. gr. a—e, skal vera lokið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

44. gr.

Skattstjóri annast álagningu útsvara í skattaumdæmi sínu, sbr. þó 45. gr.

Við álagningu útsvaranna er hann bundinn við skrá þá um tekjur og eignir, sem um ræðir í 42. gr. d. Skattstjóri skal þó breyta skránni, ef í ljós kemur við athugun hans og endurskoðun skattframtala:

- a. að leiðrétting á reikningsskekkjum krefst þess,
- b. að ekki hefur verið fylgt gildandi lögum um framtal tekna, eigna, skulda eða frádráttar gjalda,
- c. að nýjar upplýsingar liggja fyrir, t. d. launamiðar, sem ekki var kunnugt um, þegar skráin var samin.

45. gr.

Sveitarstjórnnum (framfalsnefndum) er þó heimilt að leggja á útsvör án milli-göngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té framtöl skattgreiðenda (framteljenda) í sveitarfélaginu til hliðsjónar við álagninguna. Sveitarstjórn (framfalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagningu sveitarstjórna ákvæði laga þessara.

46. gr.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattaumdæmi sínu, þegar hann hefur lokið álagningu útsvaranna, samkvæmt 44. gr.

Skrá þessa skal hann síðan senda hlutaðeigandi sveitarstjórn til innheimtu eigi síðar en 20. júní ár hvert.

E. Um gjalddaga og innheimtu.

47. gr.

Gjalddagar útsvara skulu vera tveir. Annan helming útsvara skal greiða fyrir 15. júlí, en hinn helminginn fyrir 15. október.

- Sveitarstjórn getur þó ákveðið aðra gjalddaga á útsvörum eftir þessum reglum:
- a. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Sveitarstjórn setur nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. janúar ár hvert og auglýsir þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað. — Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkvæmt þessum staflíð. Hreppsnefnd eða framfalsnefnd ákveður lækkunina. Nú verður ljóst, þegar niðurfjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt $\frac{1}{2}\%$ vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.
 - b. Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með allt að fimm jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. desember eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.
 - c. Allar greiðslur samkvæmt þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.
 - d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkvæmt þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar, eftir að álagningu er lokið.

48. gr.

- a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, á lögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkvæmt 47. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.
- b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt þrirtaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glögg, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til sveitarsjóðs.
- c. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.
- d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.
- e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupum kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.
- f. Til lúkningar greiðslum samkvæmt e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en $\frac{1}{5}$ hluta af því kaupum, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella $\frac{1}{3}$. Ekki má krefja útsvarshluta af manni samkvæmt e- og f-liðum, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífspörfum hans, að dómi framfærslunefndar.
- g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslur, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupum. Sveitarstjórn getur krafist um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.
- h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafla verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupum eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.
- i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupum samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupum útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir, til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt að draga af kaupum samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupum daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 100 krónum, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

- j. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.
- k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupri gjaldanda.
- l. Ef kaupgreiðandi:
1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkraðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
 2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkvæmt þessari grein,
 3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í i- og j-liðum,
 4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið, þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein. Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.
- m. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkvæmt þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.
- n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

49. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 48. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupri gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-liði, þó ekki með almennri auglýsingu.

50. gr.

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar álagning fer fram.

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

A. Um kærur og áfrýjun.

51. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur fengið útsvarsskrá, sbr. 46. gr., og skrá um aðstöðugjöld, sbr. 14. gr., eða lokið álagningu samkv. 45. gr., skulu skrárnar lagðar fram á þingstað sveitarfélagsins eða öðrum hentugum stað og vera til sýnis fyrir almennung í tvær vikur. Jafnframt skal framlagning skrána auglýst í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

52. gr.

Rétt er gjaldendum að kæra útsvar og aðstöðugjald, sem þeim er gert að greiða. Kærur út af útsvari eða aðstöðugjaldi skulu vera bréflugar og sendar réttum úrskurðaraðila, áður en liðinn er sá tími, sem gjaldskrárnar eiga að liggja frammi, sbr. 51. gr.

Úrskurðir um slíkar kærur skulu vera rökstuddir, og gjöldunum ber að breyta

eftir því, sem efni standa til. Kærur skal úrskurða svo fljótt sem unnt er, og eigi síðar en 30 dögum eftir kærufrest.

Senda skal kærendum í ábyrgðarbréfi afrit af úrskurðunum þegar eftir uppkvaðningu þeirra.

Samtímis ber framtalsnefndum og skattstjóra að senda sveitarstjórn afrit úrskurðanna.

53. gr.

Nú hyggst úrskurðaraðili breyta gjaldi til hækkunar, sbr. 52. gr., og skal þá gjaldandanum tilkynnt um þá fyrirætlun og honum gefinn kostur á að gæta réttar síns.

Sama gildir, ef fyrirhuguð er álagning gjalds á aðila, sem ekki var lagt á, samkvæmt framlögðum skráum.

54. gr.

Útsvarskærur ber að senda til formanns framtalsnefndar eða oddvita hreppsnefndar, en framtalsnefnd eða hreppsnefnd leggur úrskurð á kærurnar.

Kærur út af aðstöðugjaldi ber að senda skattstjóra, sem úrskurðar þær.

55. gr.

Nú vill gjaldandi ekki una úrskurði um útsvar eða aðstöðugjald, sbr. 54. gr., og er honum þá rétt að áfrýja úrskurðinum skriflega til rikisskattanefndar.

Áfrýjunarfrestur er 21 dagur frá því að afrit úrskurðar var póstlagt, sbr. 4. mgr. 52. gr.

Áfrýjun úrskurðar um aðstöðugjald ber að senda beint til rikisskattanefndar, en áfrýjun úrskurðar um útsvar ber að senda til skattstjóra, sem gefa skal skriflega umsögn um kærumálið. Umsögn sína sendir skattstjóri síðan ásamt áfrýjunarskjali og öðrum gögnum til rikisskattanefndar, svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 4 vikum eftir að hann fékk málið til umsagnar.

Þegar sveitarstjórn leggur á útsvörin, samkvæmt 45. gr., ber að senda áfrýjun úrskurðar um útsvarskæru beint til rikisskattanefndar.

56. gr.

Ríkisskattanefnd fellir úrskurð í málum þeim, er henni berast, sbr. 55. gr., svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 6 vikum eftir að henni barst málið, nema fresta verði úrskurði lengur vegna öflunar frekari gagna.

Ríkisskattanefnd ber að rökstyðja úrskurði sína.

Senda ber hlutaðeigandi gjaldendum og sveitarstjórnnum afrit af úrskurðum nefndarinnar þegar eftir uppkvaðningu þeirra.

Úrskurðir rikisskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir um upphæð gjalda.

57. gr.

Sama rétt og gjaldendur hafa til þess að kæra út af aðstöðugjaldi til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til rikisskattanefndar hafa og sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli.

58. gr.

Kæra eða áfrýjun leysir ekki gjaldanda frá þeirri skyldu að greiða gjald sitt á réttum gjalddaga, en verði gjald hans lækkað, skal það endurgreitt, sem ofgildið hefur verið.

*B. Ýmis ákvæði.***59. gr.**

Nú þykir sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda á reikningsárinu, og getur þá sveitarstjórn ákvæðið hækkun álagðra útsvara, samkvæmt V. kafla laga þessara, sem svarar því, sem á vantar, þannig að öll útsvör verði hækkuð eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

Álögð útsvör, að viðbættri hækkun, mega eigi hærrí vera en fyrir er mælt í 34. gr. 2. mgr.

60. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að nota heimild 59. gr. um hækkun gjalda, og skal hún þá auglýsa þá ákvörðun sína með sama hætti og framlagningu gjaldskrár, sbr. 51. gr.

Viðbótargjöld þessi falla í gjalddaga viku eftir birtingu auglýsingarinnar.

61. gr.

Nú kemur í ljós, eftir að álagningu er lokið, sbr. 14. gr. og 45—46. gr., að gjaldanda hefur verið sleppt, sem lagt skyldi hafa verið á, eða að framtal gjaldanda hefur verið rangt eða ófullnægjanudi að verulegu leyti, og skal þá úr því bætt með nýrri álagningu. Um slíka álagningu gilda sömu reglur og um álagningu aðstöðugjalds og útsvars samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á.

Gjalddagi gjalda samkvæmt þessari grein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

62. gr.

Ef gjöld samkvæmt II., III., IV. og V. kafla laga þessara eru ekki greidd, áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem liður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

63. gr.

Gjöld þau, sem um ræðir í 62. gr., svo og dráttarvexti má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

64. gr.

Nú hefur álagning aðstöðugjalda eða útsvara af einhverjum ástæðum dregið svo, að gjöld þessi verða eigi innheimt á réttum gjalddögum, samkvæmt lögum þessum, og getur ráðuneytið þá hlutast til um, að álagning fari fram svo fljótt sem unnt er.

Gjalddagi skal þá vera einni viku eftir að gjaldskrár voru lagðar fram.

65. gr.

Sveitarstjórnnum ber að endurgreiða skattayfirvöldum allan beinan útlagðan kostnað, sem leiðir af starfi þeirra fyrir sveitarfélögin, samkv. lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurgreiðslu kostnaðar, samkv. 1. mgr.

66. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að breyta gjalddögum þeirra gjalda, sem renna eiga í sveitarsjóð, til samræmis við gjalddaga útsvara.

67. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenzkra aðilja, sem eftir gildandi

útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum og eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

68. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1964.

Jafnframt eru úr gildi fallin eftirfarandi lög:

Lög nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, ásamt breytingarlögum nr. 59/1947, 53/1950, 48/1954, 24/1960 og 43/1960.

Lög nr. 47 4. júlí 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

I. kafli laga nr. 67 12. apríl 1945, um fasteignaskatt til bæjar- og sveitarfélaga.

Lög nr. 19 13. apríl 1960, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Enn fremur eru úr gildi fallin öll lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

- a. Skattanefndir (skattstjórar þar sem þeir eru) skulu leggja á aðstöðugjald á árinu 1962, og skal gjaldið miðað við útgjöld, efnis- og vörukaup, svo og fyrningarfaskriftir á árinu 1961. Tilkygning sú, er um ræðir í 13. gr., skal send til skattanefnda (skattstjóra) eigi síðar en 1. júlí 1962. Gjaldþagi aðstöðugjalds á árinu 1962 skal vera 1. september.
- b. Landsútsvar, samkv. 18. gr. a, skal greiða af arði frá 1. jan. 1962. Landsútsvar, samkv. 18. gr. b, skal miða við heildarsölu á árinu 1962, og landsútsvar, samkv. 18. gr. c, skal miða við heildarsölu á árinu 1961.
- c. Á árinu 1962 leggja niðurfjöfnunarnefndir og hreppsnefndir á útsvör samkv. V. kafla laga þessara, og fer um kærur og fresti eftir lögum nr. 66/1945 á því ári.
- d. Að því er varðar álagningu útsvara 1962, er nægilegt, að tilmæli þau, er um ræðir í 28. gr. b, komi fram fyrir 1. maí það ár.
- e. Á árunum 1962 til 1967 er heimilt að vikja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt 3. gr., 11. gr. B, 2. mgr., 12. gr. D, 14. gr. og 17. gr, 2. mgr.
- f. Á árunum 1963—1965 skal ráðherra heimilt að verja fé úr Jöfnunarsjóði til þess að bæta sveitarfélögum að nokkru eða öllu leyti þann halla, sem þau kunna að bíða vegna ákvæðanna um landsútsvör, ef hallinn er verulegur fyrir sveitarfélagið og útsvarbyrði þess til muna meiri en almennt gerist.
- g. Krafa um útsvarsskipti samkvæmt 30. gr. d, 2. tl., vegna álagðra útsvara 1963 skal send fyrir 31. maí 1963, ásamt upplýsingum samkvæmt 30. gr. f.
- h. Nú hefur hundraðshluti veltuútsvars af fiskiðnaði verið lægri á árinu 1961 í einhverju sveitarfélagi en hámarkshundraðshluti aðstöðugjalds er af slíkri starfsemi, samkv. 10. gr. laga þessara, og má þá hundraðshluti aðstöðugjalds aðeins hækka árlega um þriðjung mismunarins á árunum 1964, 1965 og 1966.

Gjört að Bessastöðum, 10. júní 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 1, 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefir tjáð mér, að stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna og stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hafi óskað þess, að numin verði úr lögum forgangsréttur samningabundinna viðskiptamanna fyrir öðrum um móttöku síldar hjá síldarverksmiðjum ríkisins. Þetta fyrirkomulag sé ekki hagkvæmt, enda ekki í samræmi við þá venju, sem fylgt hafi verið undanfarin ár.

Það beri því brýna nauðsyn til að breyta 10. gr. laga nr. 1/1938 á þann veg, að öll skip hafi sama rétt til afhendingar síldar til síldarverksmiðja ríkisins, hvort heldur þau eru í föstum viðskiptum eða ekki.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Orðin „Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku síldar“ í 10. gr. laganna falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í samkomulagi, sem gert var hinn 5. júní s. l. milli ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, hafi ríkisstjórnin lýst yfir, að hún mundi „heita sér fyrir ráðstöfunum til úrlausnar í húsnæðismálum, er hafi þann tilgang annars vegar að létta efnalitlum fjölskyldum að eignast íbúðir, en hins vegar að tryggja nægar og stöðugar íbúðabyggingar í landinu“. Ein af forsendum þess, að þetta mætti takast væri, „að lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði. Renni skatturinn til Byggingasjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag“. Þar sem sjóðurinn þurfi nú þegar á þessum tekjuauka að halda, og í trausti þess, að samningar þeir milli aðila um kjaramál, sem stefnt var að með samkomulaginu frá 5. júní, náist, verði að telja brýna nauðsyn til þess að setja nú þegar lög um launaskatt.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingasjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

2. gr.

Skattskyldir samkv. lögum þessum eru allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar, sem greiða laun eða hvers konar þóknunar fyrir starf. Enn fremur hver sá, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stúndar sjálfstæða starfsemi.

Skattskyldan nær til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt í hlunnindum skal meta þau til peninga. Nú vinnur maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skal þá áætla skattstofn hans vegna þess starfs eftir því, sem ætla má, að laun hans hefðu orðið, ef hann hefði unnið starfið í þágu annars aðila. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, hver er rekstrarafkoma gjaldanda af hlutað-eigandi starfsemi.

Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun. Enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum.

3. gr.

Launaskattur greiðist ársfjórðungslega innan 15 daga eftir lok hvers ársfjórðungs af þeim launum, sem greidd hafa verið á ársfjórðungnum sbr. þó 4. gr. Skattinn ber launagreiðanda að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs (í Reykjavík til tollstjóra). Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattgreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili á þar til gerðu eyðublaði.

Nú vanrækir launagreiðandi lengur en einn mánuð skil á launaskatti samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, og skal hann þá sæta viðurlögum og greiða til viðbótar skattinum álag, er nemi 25% af því, sem greiða bar.

Ráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir greinargerð um greiðslu launaskatts samkvæmt þessari grein. Skattstjórar skulu útbýta eyðublöðum þessum til þeirra gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, svo tímanlega, að eyðublöðin séu komin í hendur gjaldenda mánuði fyrir gjalddaga. Auk þess skulu nægar birgðir eyðublaða jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar sbr. 2. mgr., þó að honum hafi ekki horizt eyðublað frá skattstjóra, skv. 3. mgr.

4. gr.

Skattstjóri ákveður árlega launaskatt sem hér segir:

- a. Launaskatt af launum þeirra, sem hafa atvinnu við eigin atvinnurekstur, eða sjálfstæða starfsemi.
- b. Launaskatt af launum, sem ekki eru greidd í peningum, svo sem ef laun eru greidd í aflahlut, fríu fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum.
- c. Launaskatt þeirra gjaldenda, sem ekki greiða samtals hærri laun til annarra en sjálfs sín en kr. 500000.00 á ári. Heimilt er þó slíkum gjaldendum að greiða launaskatt, samkvæmt ákvæðum 3. gr.

5. gr.

Innheimtumenn ríkisins (í Reykjavík tollstjóri) skulu fyrir febrúarlok ár hvert skila hlutaðeigandi skattstjórum greinargerðum þeim um launagreiðslur, sem þeim hafa horizt vegna síðastliðins árs.

Skattstjórnarnir skulu síðan rannsaka launaskattskil þeirra, sem greiða eiga launaskatt, samkvæmt 3. gr., m. a. með samanburði við skattframtöl og önnur gögn, sem fyrir hendi eru. Þeir skulu síðan leiðrétta það, sem áfátt kann að reynast og ákveða endanlega skattinn fyrir síðastliðið ár, svo og viðurlög, skv. 3. gr. 2. mgr.

6. gr.

Um leið og rannsókn skattframtala fer fram, skulu skattstjórar ákveða launaskatt þeirra gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt samkvæmt 4. gr.

Launaskattur, sem lægri er í heild en 300 krónur á ári, fellur niður.

7. gr.

Að lokinni ákvörðun launaskatts, samkvæmt 5. og 6. gr. laga þessara, skulu skattstjórar semja skrá um alla þá, sem vangreitt eiga launaskatt og viðurlög, samkv. 5. gr. og alla þá, sem greiða eiga launaskatt samkvæmt 6. gr. Sérstök skrá skal gerð um launaskattsgreiðendur í hverju lögsagnarumdæmi. Á skrána skal færa nöfn gjaldenda, heimilisfang þeirra og fjárhæð þá, að viðbættum viðurlögum, sbr. 5. gr., sem hverjum gjaldanda ber að greiða.

8. gr.

Um álagningu launaskattsins, rannsóknir, vantandi greinargerðir, sbr. 3. gr. 1. mgr., framlagningu skráa, samkv. 7. gr., kærur út af skattákvörðun, kærufresti, úrskurði, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi, fer samkvæmt reglum þeim, sem gilda um tekju- og eignarskatt, eftir því, sem við á.

9. gr.

Innheimtu launaskatts, samkvæmt skattskrá sbr. 7.—8. gr., annast þær stofnanir og embættismenn, sem innheimta tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs, og gilda sömu reglur um þá innheimtu og gilda um innheimtu tekju- og eignarskatts, þar á meðal ákvæðin um gjalddaga, lögtaksrétt og dráttarvexti.

Sama gildir um skil innheimtuaðila á launaskatti til ríkisfóhriðis.

Ríkisfóhriðir skal gera mánaðarlega skil til Byggingarsjóðs ríkisins á þeim launaskatti, sem hann hefur mótttekið frá innheimtumönnum ríkisins.

10. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir 1% af innheimtum launaskatti, samkvæmt lögum þessum til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

11. gr.

Launaskattur er frádráttarbær, sem rekstrarútgjöld, að því leyti, sem hann er ákvarðaður af launum, sem teljast frádráttarbær við ákvörðun tekjuskatts og tekjuútsvars.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á. m. ákvæði um hverjir skuli gera skil á launaskatti, þegar um er að ræða ákvæðisvinnu, eða verktakasamninga o. þ. h.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal launaskattur greiddur af öllum launum, samkvæmt lögum þessum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. júlí 1964.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1964

Nr. 54.

166

10. júlí.

S J Ú K R A H Ú S A L Ö G

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 41 20. maí 1964, um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. desember 1953, hef látið fella 1. til 4. gr. hinna fyrstnefndu laga inn í meginmál sjúkrahúsalaga, nr. 93 31. desember 1953 og breyta númerum á 12. og 13. gr. og gef þau út svo breytt.

1. gr.

Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkrahússkýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvaramandi heilbrigðisstofnanir, nema með leyfi ráðherra.

Sama gildir um breytingar á húsakynnum og starfrækslu slíkra stofnana, enda skipti breytingarnar einhverju máli.

2. gr.

Beiðni til ráðherra um leyfi samkvæmt 1. gr. skulu fylgja upplýsingar um verk- svið stofnunarinnar og hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og löndum og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingum á húsakynnum, innan- stokksmunum og áhöldum, enn fremur greinargerð um eigendur stofnunarinnar og fjárhagsástæður hennar og loks skýrsla eða áætlun um stjórn, starfsfólk, rekstrar- fyrirkomulag, hversu mörgum sjúklingum eða vistmönnum henni er ætlað að taka á móti og með hverjum kjörum o. s. frv.

Ráðherra veitir ekki leyfið, nema stofnunin verði talin fullnægja heilbrigðis- kröfum og ætla megi, að hún leysi á viðunandi hátt þau verkefni, sem henni er gert að léysa, enda leiði hún ekki til óheilbrigðrar samkeppni við tilsvaramandi opinberar stofnanir á sama stað eða í grennd.

Leita skal staðfestingar ráðherra á reglugerðum um starfrækslu sjúkrahúsa og annarra stofnana, sem um getur í lögum þessum, og getur ráðherra krafizt, þegar honum þykir ástæða til, að slíkar reglugerðir séu settar.

3. gr.

Heilbrigðisyfirvöld skulu jafnan eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnun- um þeim, sem um getur í lögum þessum.

4. gr.

Við hvert sjúkrahús eða stofnun, sem tekur sjúklinga til dvalar og lækninga, skal vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir.

Sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir annast að jafnaði öll læknisstörf eða hefur yfirmun sjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið. Hann hefur lækni-seftirlit með rekstri sjúkrahússins, er til andsvara heilbrigðisyfirvöldum, stendur skil á skýrslum þeim, sem af sjúkrahúsinu kunna að verða heimtaðar, o. s. frv.

Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, skal sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

Nú er heimilað, að fleiri en einn læknir starfi sjálfstætt við eitt og sama sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, og skal þá engu síður vera sérstakur yfirlæknir við sjúkrahúsið eða deildina, og eins þó að sjúkrahúsið eða deildin sé opin fyrir alla lækna.

5. gr.

Héraðslæknar skulu teljast hæfir til að vera sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli, hver innan síns héraðs, enda séu þau sjúkrahús eða sjúkraskýli við hæfi héraðanna og taki ekki yfir 20 sjúklínga.

Að öðrum sjúkrahúsum eða stærri má ekki ráða sjúkrahúslækni eða yfirlækni, nema að feginni viðurkenningu ráðherra fyrir því, að hann sé til þess hæfur.

Í reglugerð, sem lækna-deild háskólans semur og ráðherra staðfestir, má setja reglur um þær kröfur, sem gera ber til lækna til þess að þeir eigi rétt á að teljast hæfir sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við sjúkrahús og sjúkrahúsdeildir.

6. gr.

Nú hefur sveitar- (bæjar- eða sýslu-) stjórn eða stjórnir innan læknishéraðs samþykkt að stofna eða starfrækja fyrir læknishéraðið sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, eða að taka þátt í stofnun eða starfrækslu sjúkrahúss eða sjúkraskýlis með sveitarfélögum annars héraðs eða héraða, einstökum mönnum eða félögum, en samþykki annarra sveitarstjórna innan læknishéraðsins ekki náðst, og getur þá ráðherra gert samþykktina skuldbindandi fyrir öll sveitarfélög læknishéraðsins, ef meiri hluti héraðsbúa er innan þeirra sveitarfélaga, sem að samþykktinni standa.

Ráðherra getur þó leyst einstök sveitarfélög eða hluta sveitarfélaga undan þátttökunni, ef þau teljast ekki geta haft veruleg not fyrirtækisins eða eiga hægara með að hafa not annarrar tilsvarendi stofnunar, enda taki þau þátt í starfrækslu hennar.

7. gr.

Þegar samþykkt hefur verið, að sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félög reisi eða starfræki eða taki þátt í að reisa eða starfrækja, beinlínis eða með einhvers konar styrkveitingum eða hlunnindum, sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, skulu sveitarfélögin og þeir aðrir, er að fyrirtækinu standa, gera samning um þátttökuna, hluttöku í stofnkostnaði og rekstri, hvernig eign og ábyrgð skiptist á milli aðila, hvernig fyrirtækinu skuli stjórnað og það annað, er fyrirtækið varðar.

Rétt er að miða þátttöku sveitarfélaganna í kostnaðinum við hlutfallslegan fólksfjölda þeirra, aðstöðu til að hafa not af stofnunninni, og þegar um læknisbústað er að ræða, kostnað við læknisvitjanir úr hinum einstöku sveitum.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á samningum þeim, sem hér um ræðir. Ef ágreiningur er á milli sveitarfélaga um einstök atriði, sker ráðherra úr.

8. gr.

Nú vilja eigendur eða forráðamenn sjúkrahúsa, sjúkraskýlis, læknisbústaðar eða annarrar heilbrigðisstofnunar, sem um getur í lögum þessum og reist hefur verið með styrk úr ríkissjóði, hætta að starfrækja hana, og skulu þeir þá tilkynna það ráðherra, sem getur krafizt endurgreiðslu á ríkissjóðsstyrknum, ef stofnunin er lögð niður eða þeirri starfrækslu hætt, sem hún var upphaflega ætluð til. Á ríkissjóður þá kröfu til jafnmikils hluta af þáverandi verðmæti eignarinnar sem ríkissjóðs-

styrkurinn telst hafa verið af kostnaðarverði hennar, og hvílir veð á eigninni næst á eftir áður áhvilandi veðkröfum fyrir kröfuupphæðinni.

Nú nefur ríkissjóður lagt fram fé til þess að reisa heilbrigðisstofnun, sem lög þessi ná til, og má þá ekki, án samþykkis ráðherra, veðsetja hana fyrir öðrum skuldum en þeim, sem stafa af stofnkostnaði hennar, viðaukum eða endurbótum.

9. gr.

Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, sem um getur í lögum þessum og ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir sameiginlegri yfirstjórn fimm manna nefndar, er ráðherra skipar. Það er verkefni nefndarinnar að skipuleggja rekstur þessara stofnana og samræma hann þeim til hagsbóta, koma á samvinnu á milli þeirra, eftir því sem hagkvæmt þykir, láta þær koma fram sem eina heild við samninga um vörukaup og annað o. s. frv. Að öðru leyti ákveður ráðherra verksvið nefndarinnar.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum þrjá fimmtu hluta kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús og sömu aðilum tvo þriðju hluta kostnaðar við að reisa hér- aðslæknabústaði samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er ráðherra að greiða $\frac{3}{5}$ hluta kostnaðar við að reisa yfirlæknisbústaði við sjúkrahús í fámennari byggðarlögum, ef það er óhjákvæmilegt til þess að tryggja nauðsynlega læknisþjónustu.

Þegar framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsa er ákveðið, skal það miðað við eðlilegan kostnað af að reisa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja aðalröntgentæki, helztu skurðstofutæki, meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, aðalþvottavélar í þvottahúsi, þegar um er að ræða sjúkrahús, sem rúmar fleiri en 20 sjúklinga, enda sé búnaður allur við hæfi sjúkrahússins.

11. gr.

Ríkisframlög til bygginga almennra sjúkrahúsa, sem rekin eru af sveitarfélögum, og læknisbústaða eru bundin þeim skilyrðum, að allur undirbúningur slíkra bygginga fari fram í samráði við ráðherra þann, er fer með heilbrigðismál, svo og landlækni, og að kostnaðaráætlun og fullnaðaruppdrættir að mannvirkjunum hafi hlotið samþykki þeirra og húsameistara ríkisins.

Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða sjúkrahúsa eða læknisbústaða stofn- kostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur Alþingi samþykkt slíka fjárveitingu og ákveður það þá einnig, hvornig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu á framlögum sínum til hvernar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var innt af hendi, ef sjúkrahús vistar ekki yfir 20 sjúklinga, sbr. 5. gr., og innan 8 ára, ef sjúkrahús vistar fleiri sjúklinga. Ríkisframlag til læknisbústaða skal með sama hætti inna af hendi innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var greitt. Ákvæði þau, sem hér að framan greinir, taka þó aðeins til framkvæmda, sem ákveðnar eru eftir að lög þessi taka gildi.

Ef hafnar eru framkvæmdir, án þess að framangreindum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

12. gr.

Úr ríkissjóði greiðist sérstakur styrkur vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga. Styrkurinn skal greiddur hálfárslega eftir á, og skal síðari greiðsla innt af hendi, þegar sjúkrahús hefur skilað tilskildum ársskýslum um reksturinn ásamt

rekstrarreikningi, sem gerður skal úr garði samkvæmt fyrirmælum heilbrigðis-
stjórnarinnar.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst 3 deildum, lyf-
læknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild. Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar læknisþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu. Ráðherra er heimilt að skipta sjúkrahúsum í I., II. og III. flokki í undir-
flokka, að fengnum tillögum landlæknis. Styrkhæð miðast við flokkun sjúkrahúsa og legudagafjöldi og ákvarðast nánar í reglugerð innan marka fjárveitinga í fjár-
lögum.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með hönd-
um sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggtur með samningi hæfi-
legur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

13. gr.

Sjúkrahús, sjúkraskýli, læknisbústaðir og aðrar stofnanir, sem um getur í lög-
um þessum eru í eigu sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga eða starfrækt af þeim, þegar lög þessi ganga í gildi, eru undanþegin því að sækja um leyfi til starfræksl-
unnar samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. þessara laga.

Nú vilja slíkir opinberir eigendur eða þátttakendur í starfrækslu sjúkrahúss,
sjúkraskýlis eða læknisbústaðar koma betra skipulagi á sameignina eða hinn sam-
eiginlega rekstur með því að komast undir ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga, og getur
þá ráðherra gert það heimilt, ef fyrir liggja tilsvareandi samþykktir um það og 6. gr.
mælir fyrir um, þegar um nýjar stofnanir eða starfrækslu er að ræða. Ekki má þó
gegn vilja sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga úrskurða þau þannig eftir á til að
taka á sig kvaðir vegna eignarhlutdeildar í sjúkrahúsum, sjúkraskýlum eða læknis-
bústöðum, er fari fram úr sannvirði þess eignarhluta, er þá fellur til þeirra, að mati
dómkvaddra manna.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 10 þús. kr., sem renna í ríkis-
sjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Gjört að Bessastöðum, 10. júlí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um tekjuskatt og eignarskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 16. gr. laga nr. 42 20. maí 1964 um breyting á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga nr. 42/1964 inn í lög nr. 70 28. apríl 1962 og gef þau út svo breytt.

I. KAFLI

Um skattskyldu.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum og eignum.

Nú dvelst maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldist að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefur tekjur af þeim eða af atvinnu eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í þessari grein. Reiknast skattur einstaklinga samkvæmt reglunum í 26. gr. I. Eignarskattur útlendra félaga reiknast samkv. 26. gr. II.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenskra skatt- aðilja, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

3. gr.

Tekjur hjóna, sem samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Ábyrgjast þau bæði skattgreiðslu og undirrita skattframtalið. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti. Nú telja hjónin sér hagfelldara, að tekjur konunnar séu sérstaklega skattlagðar, og geta þau þá krafizt þess, að skattgjald sé sett á þau sitt í hvoru lagi samkv. 25. gr. Ómagafrádráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

Þegar gift kona gengur til verka að atvinnurekstri með manni sínum og atvinnureksturinn er að verulegu leyti eign þeirra, annars hvors eða beggja, eða ófjárráða barna þeirra, eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna. Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15000 kr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

4. gr.

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra, að undanskildum vöxtum af eignarskattfrjálsum innstæðum, sbr. 2. mgr. 21. gr. Ef hreinar tekjur barns nema meira en 13000 kr., er þó skattstjóra heimilt að ákveða því skatt sem sjálfstæðum skattþegni, enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Hjá foreldrum skal þó alltaf telja til tekna 13000 kr. af tekjum barnsins, en hjá barninu það, sem umfram er.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) að undanskildum eignarskattfrjálsum innstæðum, sbr. 1. mgr. 21. gr. Heimilt er þó skattstjóra að ákveða börnum sérstaklega eignarskatt, ef tilmæli koma fram um það frá foreldrum.

5. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir:

- A. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
- B. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.
- C. Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

Sameignarfélög, þar með talin samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, greiða ekki skatt af þeim tekjum, sem skipt er milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðaðölu eða afurðavinnslu félagsins og skattlagðar eru hjá þeim.

Nú eru ekki fleiri en þrjú félagar í sameignarfélagi með persónulegri ábyrgð, og er þá skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur á hvern einstakan félags-

mann, nema tilmæli komi fram um það frá félaginu einu ári áður en tekjur eru taldar fram. Að því er varðar skattákvæðanir á árinu 1962 er þó nægilegt, að slík tilmæli komi fram fyrir 1. maí það ár.

- D. Sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþeginn skattgjaldi, sbr. 6. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Félög og stofnanir, sem um ræðir í grein þessari, þar með talin sameignarfélög þau, er um ræðir í C-lið, og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum sem önnur félög.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um skattskyldu þeirra, sem erlendis eru búsettir.

6. gr.

Þessir aðilar eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti: Forseti Íslands, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sýslufélög, sveitarfélög og fyrirtæki, er þau reka og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og enn fremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiráðsmenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlandis. Aðilar þeir, er greinir í þessari málsgrein, eru einnig undanþegnir eignarskatti í samræmi við reglur þær, sem settar eru í málsgreininni.

II. KAFLI

Um skattskyldar tekjur.

7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, alls konar arður, laun og gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peninga-verðs, svo sem:

- A. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuíðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu visinda, lista og bókmennta eða fyrir hvers konar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látin eru í té í kaupgjaldsskyni.
- B. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landaurgjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. C). Enn fremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og styrktarfé. Til skattskyldra gjafa telst meðal annars: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 10. gr. B. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti, skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignar. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir, nema arðberandi eignir séu gefnar.

- C. Landskuld af leigujörðum og arður af alls konar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigendur nota sjálfir eða láta öðrum í té til afnota án endurgjalds, enn fremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguabúð, og arður af bygg-ingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.
- D. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu, þó ekki vextir af skattfrjálstri innstæðu, sbr. 21. gr.

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Ekki telst þó til arðs úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem ekki hefur í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki til skattskyldra tekna hluthafans, enda sé útgáfa bréfanna byggð á raunverulegum verðmætum í sjóðum, öðrum en skattfrjálsum varasjóði, eða öðrum eignum félagsins, er verið hafa í eigu þess minnst þrjú ár og sé samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, ekki hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá stofnun félags eða frá innborgun hlutafjár. Fjármálaráðherra ákveður, hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Til arðs telst úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, og skiptir því ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld og keypt. Arður af eigin hlutabréfum félags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og vixlum) teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans, ef afborgunartíminn er skemmri en fimm ár, en ef afborgunartíminn er fimm ár eða lengri, skulu afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í fimm ár.

- E. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlazzt hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefur verið í eign hans skemur en fimm ár, ef um fasteign er að ræða, annars skemur en þrjú ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á sams konar sölu á árinu. Ákvæði þessi taka ekki til þess, er skattþegn hefur eignazt hið selda við arftöku, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, en þá telst söluhagnaður, miðað við upphaflegt kostnaðarverð, til skattskyldra tekna, ef hið selda hefur verið í eign arfleifanda og erfingja skemur en fimm ár sam- anlagt, ef um fasteign er að ræða, en ella skemur en þrjú ár.

Nú selur skattþegn fasteign, sem verið hefur í eigu hans skemur en fimm ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en þrjú ár eru liðin frá sölu- degi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið ný- reista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda. En ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laganna um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúða.

- F. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku, nema skattfrjálst sé samkv. sérstökum lögum. Fjármálaráðherra er þó heimilt að ákveða, fyrir eitt ár í senn, að vinningar í tilteknum happdrættum teljist ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóðanum af happdrættunum varið til menningarmála, mannúð- armála eða kirkjulegrar starfsemi.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér og skyldu-liði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnu-rekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

8. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem um ræðir í 5. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirfærslu til næsta árs, óvenju-legra fyrninga og safnað er í tryggingasjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur, sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félagsmönnum arð eða vexti af innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóðs, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur váttryggingarfélagaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

9. gr.

Ef félag, sem hefur varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði (20%) til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

- A. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins.
- B. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur friðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
- C. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattayfirvalds. Skal þá meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs telst ráðstafað úr varasjóði og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkv. 2. málsg. 17. gr., ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í A—C-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbætti þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðs-tillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru stofnaðir með skattfrjálsum framlögum, má ekki telja sem varasjóð.

10. gr.

Til tekna tekst ekki:

- A. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði. Hins vegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt fjármunir lækki í verði, ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda, að meðtöldum verðbréfum, nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða að hún falli undir ákvæði í 7. gr. E. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið af sams konar sölu á árinu.

- B. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífs-ábyrgðar, brunabóta, örorkubóta eða þess háttar.
- C. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannast hefur um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef uppgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.
- D. Endurgreiðsla, er skattgreiðandi fær, ef hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.
- E. Eignauki, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. E-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.
- F. Jarðræktarframlag ríkisins samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29/1955.
- G. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda.
- H. Beinar launagreiðslur erlendis frá fyrir störf í þágu þeirra alþjóðastofnana eða ríkjasamtaka, sem íslenska ríkið er aðili að, enda njóti starfsmenn hlutaðeigandi stofnana skattfrelsis af launum fyrir hliðstæð störf. Starfræki slíkir aðilar stofnanir hérlendis, ákveður ráðherra um skattaðstöðu þeirra.

11. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

- A. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld, sem eiga á árinu að ganga til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er beinlínis stafa af atvinnu eða öflun tekna, svo og fyrningu, sbr. 15. gr., aðstöðugjald, landsútsvör og það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum. Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefur varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingafé, og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.
- B. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. Það árið kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð, að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, sem greiðsla átti sér stað.

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið fyrir ráðstafanir hins opinbera.

- C. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefur í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmaeltar kvaðir, er á embættinu hvíla.

12. gr.

Frá tekjum skal og draga, áður en skattur er á þær lagður:

- A. Vexti af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr. Afföll af seldum verðbréfum skal færa til gjalda samkv. reglunum í síðustu málsg. D-liðar 7. gr.
- B. Eignarskatt og eignauðsvör, sem greidd hafa verið á árinu.
- C. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.
- D. Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstofnana, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattskyldum tekjum gefanda, enda sé hver gjöf ekki undir 300 kr. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð, hvaða málaflokkar og stofnanir komi til greina samkvæmt þessum staflíð.
- E. Kostnað við öflun bóka, tímarita og áhaldna til vísindalegra og sérfræðilegra starfa, enda sé þessi kostnaðarliður studdur fullnægjandi gögnum.
- F. Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi, má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis koma við þessum tekjum.

13. gr.

Frá tekjum skal enn draga, áður en skattur er á þær lagður:

- A. Kostnað við stofnun heimilis. Skal hann dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjúskap, og skal sá frádráttur nema 26000 kr. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.
- B. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip.
- C. Iðgjöld launþega til stéttarféлага, sjúkrasjóða og styrktarsjóða, þó ekki umfram 5% — fimm af hundraði — af launatekjum. Iðgjöld atvinnurekenda til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysistryggingasjóða. Enn fremur félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5% — fimm af þúsundi — af veltu fyrirtækjanna.
- D. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri upphæð en 10000 kr. á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldgreiðslu til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi, sem því nemur, og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árabil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár (annuitetstrygging).

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldgreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkv. lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyrstryggingu dragist frá tekjum samkv. framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar meðal annars fyrir mæli um vörzlu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfsemi.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærra iðgjald en 4000 kr. Fyrir þá, sem eru ekki aðilar að lífeyrissjóðum, má þó frádráttur nema allt að 6000 kr.

- E. Námskostnað, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu 5 ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum.

14. gr.

Frá tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, skal draga 500 kr. á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn.

Ef sjómenn á íslenskum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattayfirvalda.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 3000 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á nefndum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu. Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 1. málsg. og þessari málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tíma bil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

15. gr.

Um fyrningu, sbr. A-lið 11. gr., fer sem hér segir:

- A. Sömu reglum um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hundraðstölu af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Reikna skal fyrningu sem fastan hundraðshluta af kostnaðarverði eigna, sem keyptar eru 1962 eða síðar. Fyrningu eldri eigna skal reikna með ákveðnum hundraðshluta af matsverði skv. 22. gr. miðað við þann árafjölda, sem eftir er af áætlunum endingartíma.
- B. Eftirtaldir eignir má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár, frá því er þær eru teknar í notkun: Fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, flugvélar til farþega- og vöruflutninga, sildarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkissjóði, ekki njóta þessara sérstöku afskrifta, svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur. Sé styrkurinn hins vegar lægri, má afskrifa eignir þessar þannig, að styrkur að viðbættum afskriftum nemi 20% á ári í 3 ár.

Skattayfirvöld skulu ákveða heildar-afskriftarupphæð hvernar eignar. Nú gengur slík eign kaupum og sölum, og skal þá síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hefði notið.

Tap, sem orsakast kann af afskriftunum, má flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt. Ákveða skal með reglugerð, hver skuli vera fyrningarhundraðshluti þeirra eigna, sem afskrifaðar eru samkvæmt 1. málsg. B-lið, eftir að þeim afskriftum hefur verið lokið.

16. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér í landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 65000 kr.

B. Fyrir hjón 91000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 45500 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 13000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúeforeldri, kjöforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 13000 kr., að viðbættum 2600 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skatt-yfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

17. gr.

Félög þau, sem um ræðir í 5. gr. A, mega draga frá tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af hlutfé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði félaga skv. 5. gr. A—D er lagt í varsjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur $\frac{1}{4}$ af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og enn fremur vexti af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu.

Á sama hátt mega félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu skattskyldur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra váttryggingarfélaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að inna af hendi skyldu sína gagnvart váttrygðum.

18. gr.

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar

vegna þeirra hefur myndast krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

Að loknum frádrætti samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal sleppa því, sem afgangur verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 100. Af þeirri tekjuhæð, sem þá er eftir, reiknast skattgjaldið samkv. 25. gr.

III. KAFLI

Um skattskyldar eignir.

19. gr.

Skattskyldar eignir teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 2. gr. 3. málsg. og 20. og 21. gr., fasteignir og lausafé skattgreiðanda, að frádrögnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar, verðbréf, útistandandi skuldir, aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi. Þegar skattur greiðist samkvæmt 2. gr. 3. málsg., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

20. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

- A. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsárbyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
- B. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarrar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
- C. Réttur til leigulauss bústaðar eða önnur afnotaréttindi.
- D. Bækur og fatnaður til einkaafnota, húsgögn, aðrir húsmunir og munir, sem hafa sérstætt persónulegt gildi.

21. gr.

Undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti eru innstæður í bönkum, spari-sjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

- A. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.
- B. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 200 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.
- C. Sá hluti innstæðu hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjálsnum innstæðum.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venju- legum hætti færa allar innstæður sínar og vexti af þeim í bækur sínar og árs- reikninga.

Komi í ljós í framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því að innstæða hefur ekki verið fram talin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

22. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

- A. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.
- B. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er rikisskattanefnd ákveður til 1 árs í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts síðastliðið ár.
- C. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miðað við kostnaðarverð eða endurkaupsverð, sbr. H-lið, að frádregnum fyrningum, sbr. 15. gr.
- D. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölu stað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.
- E. Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

- F. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.
- G. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau, þegar skatturinn er lagður á. Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.
- H. Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1962—63 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkvæmt því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum þeim eignarhluta á nýja matsverðinu, er svarar til þess árafjöldu, sem liðinn er af áætluðum endingartíma, sbr. 15. gr. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd matsins.

23. gr.

Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en eignarskattur er á lagður.

24. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Krónutala sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 1000. Því, sem fram yfir er, skal sleppt.

IV. KAFLI

Skattstigar.

A. Tekjuskattur.

25. gr.

- I. Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., sbr. 3. og 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:

Af fyrstu 30000 kr. skattgjaldstekna greiðist	10%
Af 30000—50000 kr. greiðist 3000 kr. af 30000 kr. og	20% af afgangi.
Af 50000 kr. og yfir greiðist 7000 kr. af 50000 kr. og	30% af afgangi.

- II. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í A-, B-, C- og D-liðum 5. gr., skal vera 20% af skattskyldum tekjum.
- III. Tekjuskatt, sem nær ekki 100 kr., skal fella niður við álagningu.

B. Eignarskattur.

26. gr.

- I. Skattur af eignum þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3., 4. og 6. gr. 3. málsgr., annarra en útlendra félaga, sbr. 2. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:
 Af fyrstu 100 þús. kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur. Af því, sem þar er umfram, greiðist:
 Af fyrstu 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 5‰.
 Af 500 000—1.000 000 kr. skattgjaldseign greiðist 2500 kr. af 500 000 og 9‰ af afgangi.
 Af 1 000 000 kr. skattgjaldseign og þar yfir greiðist 7000 kr. af 1 000 000 kr. og 12‰ af afgangi.
- II. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., sbr. 2. gr. 3. mgr., reiknast 7‰ — sjö af þúsundi.
- III. Eignarskatt, sem nær ekki 100 kr., skal fella niður við álagningu.

V. KAFLI

Um skattumdæmi, skattstjóra, ríkisskattanevnd o. fl.

27. gr.

Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjórum, en þeir eru einn í hverju skattumdæmi, sbr. 28. gr.

28. gr.

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavík.
2. Vesturlandsumdæmi, sem nær yfir Akraneskaupstað, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðumdæmi, sem nær yfir Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstað svo og Strandasýslu.
4. Norðurlandsumdæmi vestra, sem nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. Norðurlandsumdæmi eystra, sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
6. Austurlandsumdæmi, sem nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
7. Suðurlandsumdæmi, sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.
8. Vestmannaeyjakaupstaður.
9. Reykjanesumdæmi, sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kópavogskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll.

Fjármálaráðherra ákveður aðsetur skattstjóra í hverju umdæmi. Þá getur og fjármálaráðherra, ef sérstaklega stendur á, ákveðið önnur mörk milli einstakra skattumdæma en í 1. málsgr. segir.

29. gr.

Fjármálaráðherra skipar skattstjóra í hverju skattumdæmi.

Engan má skipa skattstjóra, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga,

2. sé lögráða og hafi forræði fjár síns,
3. sé íslenzkur ríkisborgari,
4. hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, sé löggiltur endurskoðandi eða hafi aflað sér sérmenntunar á skattalöggjöf og framkvæmd hennar. Vikja má þó frá þessu, ef maður hefur áður gegnt skattstjórastarfi. Skattstjóri hefur umboðsmann í sveitarfélögum í skattumdæmi sínu, sem eru utan aðseturs hans.

30. gr.

Í hreppum eru hreppstjórar umboðsmenn skattstjóra, en í bæjarfélögum skipar fjármálaráðherra umboðsmanninn til 6 ára í senn. Nú forfallast hreppstjóri eða skorast undan þessum starfa, og skipar þá fjármálaráðherra annan umboðsmann.

Umboðsmenn veita viðtöku framtalsskýrslum, aðstoða við framtöl, ef þess er óskað, afla þeirra upplýsinga, sem skattstjóri telur sér nauðsynlegar við skattálagninguna, og láta fylgja til skattstjóra athugasemdir sínar um framtölin.

31. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra, er hefur aðsetur í Reykjavík.

Engan má skipa í það embætti, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 29. gr. um embættisgengi skattstjóra.

Þá skipar fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra. Fullnægja skal hann hinum sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

32. gr.

Fjármálaráðherra skipar 2 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn til 6 ára í senn. Ríkisskattstjóri á einnig sæti í nefndinni, og er hann formaður hennar. Vararíkisskattstjóri tekur sæti í nefndinni í forföllum ríkisskattstjóra eða þegar hann getur ekki tekið þátt í úrlausn máls samkv. 33. gr.

33. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef það mál varðar hann sjálfan, konu hans, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini, fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti eigi litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í ríkisskattanefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

VI. KAFLI

Um framtöl, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.

34. gr.

Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkvæmt þjóðskrá hinn 1. desember á viðkomandi skattári. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu skattlögð þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda bera téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiða skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ríkisskattstjóri sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli skattlagður.

35. gr.

Allir þeir, sem hafa tekjur samkv. II. kafla eða eignir samkv. III. kafla laga þessara, skulu afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu, að

viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefur á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða, og einnig á skiptaráðendum dánar- og þrotabúa, skiptaforstjórum dánarbúa, erfingjum, er skipta einkaskiptum, og maka, er situr í óskiptu búi. Skýrslur þessar skulu komnar til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir lok janúarmánaðar. Þeir, sem hafa atvinnurekstur með höndum, þurfa þó eigi að hafa skilað framtalsskýrslu fyrr en fyrir lok febrúarmánaðar. Ef sérstaklega stendur á, getur skattstjóri eða umboðsmaður hans veitt frest til framtals til 28. febrúar. Þeim, sem stunda atvinnurekstur, má þó veita frest til 31. marz. Vátryggingarfélag þurfa eigi að skila framtali fyrr en 31. maí.

Nú er framteljandi sjálfur ófær að rita framtalsskýrslu, og er þá skattstjóri eða umboðsmaður hans skyldur að veita honum aðstoð til þess, en skylt er framteljanda að láta í té allar upplýsingar og gögn, til þess að framtalið verði rétt.

36. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annarra félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxtabréf í hönkum, sparisjóðum og annað því um líkt.

Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, ókeypis og í umbeðnu formi, hvert kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlausn, ágóðapóknun, gjafir o. þ. h. Nú eru laun greidd fyrir milligöngu annars manns og vinnuveitandi því eigi fær um að láta framangreindar upplýsingar í té, og hvílir þá skyldan á milligöngumanni.

Hvenær sem skattstjóri telur þess þörf, getur hann krafizt þess, að framteljendur leggi fram bókhaldsgögn sín, þar með talin verzlunarbréf og samningar, til athugunar, er framtal er sannreynt eða endurskoðað.

Vegna rannsókna skv. lögum þessum hefur ríkisskattstjóri og þeir menn, sem hann telur rannsóknarstörf, aðgang að bókum og bókhaldsgögnum, þar með talin verzlunarbréf og samningar, framtalsskyldra aðila, svo og allra stofnana, félaga og annarra aðila, sem ekki eru framtalsskyldir, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir. Enn fremur aðgang að starfsstöðum og birgðageymslum þessara aðila, svo og heimild til að taka skýrslur af þeim eða fyrirsvarsmönnum þeirra.

37. gr.

Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á gjaldanda samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur er skattstjóra heimilt að leiðrétta einstaka liði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té skýringar eða gögn, er á skortir, innan ákveðins tíma, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Ef skattstjóri fær fullnægjandi svar, leggur hann skatt á samkvæmt framtali og framkomnum skýringum, sbr. þó 47. gr. Fáist eigi fullnægjandi svar, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns eftir beztu vitund og ákveða

skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó einnig 47. gr. Niðurstöðu skal jafnan tilkynna skattþegni skriflega. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða umboðsmanns hans, má skattstjóri, ef svo er ástatt sem í 3. másl. þessarar mgr. segir, áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Telji skattþegn eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 1. mgr. 35. gr., skal skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo riflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun rétttri, sbr. þó 47. gr.

Hafi skattstjóri grun um, að veruleg skattsvik hafi verið framin, skal hann senda ríkisskattstjóra skýrslu um málið. Þegar ríkisskattstjóra hefur horizt slík skýrsla, skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

38. gr.

Hver sá, sem skýrt hefur frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera ber og því greitt minni skatt en honum ber skylda til, skal greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin. Þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár.

Nú hefur skattþegn eigi talið fram til skatts og skattar því áætlaðir, en síðar kemur í ljós, að áætlun hefur verið of lág, svo og ef skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, og skal þá reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 6 ár. Sama gildir, ef skattþegn vantar á skrá.

Þegar skattur er reiknaður að nýju skv. þessari gr., skal gæta ákvæða 37. gr., eftir því sem við á, og veita skattþegni færi á að kæra skattálagninguna, sbr. 40. og 41. gr. Beita má viðurlögum skv. 47. gr. svo og sektum skv. 1. mgr. 48. gr.

39. gr.

Fyrir lok maímánaðar skulu skattstjórar hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda. Skattskrá skal lögð fram eigi síðar en 1. júní. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð, hvar skattskrá liggur frammi.

40. gr.

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til skattstjóra eða umboðsmanns skattstjóra innan 14 daga frá því er skattskrá er lögð fram. Innan mánaðar frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur og leiðrétt skattskrá samkvæmt úrskurðum þeim, er hann hefur fellt, og tilkynnt kærendum úrslitin. Að því búnu sendir hann skrána til ríkisskattstjóra. Skattstjóri skal enn fremur, er hann hefur úrskurðað kærur, senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá, er gjalda eiga tekju- og eignarskatt í því lögsagnarumdæmi.

41. gr.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera 21 dagur frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Kærur skulu vera bréflegar og studdar nauðsynlegum gögnum.

Skattþegni eða umboðsmanni hans er heimilt að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanefnd á þeim tíma, er nefndin tekur til, áður en úrskurður gengur um kæruatriði. Heimilt er ríkisskattanefnd að leyfa, að málflutningur skuli vera munnlegur.

Úrskurðir ríkisskattanevndar skulu vera rökstuddir. Nefndin skal leggja úrskurð á kærur fyrir októberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslit tafarlaust.

Úrskurður ríkisskattanevndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má bera undir dómstóla.

Ríkisskattanevnd skal úrskurða kærur yfir úrskurðum á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör.

42. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem bezt samræmi sé í skattákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að skattákvörðun og skattaframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af þeim úrskurðum ríkisskattanevndar, sem almennt gildi hafa.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara svo og annarra laga um skatta og gjöld, sem álögd eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 36. gr. greinir.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir skv. lögum þessum, eftir nánari ákvörðun ríkisskattstjóra.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun, og getur hann þá, þótt eigi hafi verið kært, lagt málið fyrir ríkisskattanevnd, sem breyta má ákvörðun skattstjóra og gera gjaldþegni skatt að nýju. Ætíð skal nefndin gera gjaldþegni viðvart, áður en hún breytir skattgjaldi hans, án þess að yfir hafi verið kært.

43. gr.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans. En ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða niður felldur, skal endurgreiðsla þegar fara fram. Víkja má frá ákvæði 1. málslíðs, ef sérstaklega stendur á, samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

44. gr.

Skattstjórar og ríkisskattanevnd skulu halda gerðabækur í því formi, er fjármálaráðherra fyrirskipar. Þá skulu og skattstjórar gefa Hagstofu Íslands skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um framtaldar eignir og tekjur, álagða skatta og önnur atriði, sem tilgreind eru í framtölum.

45. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að skattstjórar og ríkisskattanevnd ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefur það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa ríkisskattanevndar og skattstjóra á öllu því er framkvæmd þessara laga varðar.

46. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fullri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn

á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupum þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtu-fé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra. Um ábyrgð atvinnuveitanda á skattgreiðslu útlendinga, sem þeir hafa í þjónustu sinni, fer svo sem segir í 5. gr. laga nr. 22/1956.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir ríkisskattanevnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess, fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.

VII. KAFLI

Refsiákvæði.

47. gr.

Nú bætir skattþegn úr göllum á framtali sínu, sbr. 5. málsl. 1. mgr. 37. gr., og er þá skattstjóra heimilt, þrátt fyrir það, að bæta allt að 15% við þær tekjur og/eða eign, sem skattþegn kann að hafa undanfellt í framtali sínu.

Bæti skattþegn eigi úr göllum á framtali sínu, sbr. 6. málsl. 1. mgr. 37. gr., skal skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætla, að skattþegn hafi undanfellt í framtali sínu.

Telji skattþegn eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 1. mgr. 35. gr., en framtalsskýrsla hans barst áður en skattskrá er lögð fram, skal skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætla skattþegni, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Nú telur skattþegn eigi fram áður en skattskrá er lögð fram, og skal þá skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætla skattþegni, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Nú kærir skattþegn ákvörðun skattstjóra, skv. 6. málsl. 1. mgr. 37. gr., sbr. 2. mgr. þessarar gr., til skattstjóra innan tilskilins kærufrests, og bætir þar úr göllum á framtali sínu, og skal þá miða skattmat við það, sem rétt virðist skv. þá framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 20% viðurlögum við þær tekjur og/eða eign, sem ákvarðað er að hafi verið undanfellt á framtali. Nú er eigi bætt úr göllum á framtali fyrr en við kæru til ríkisskattanevndar, og skal þá miða skattmat við það, sem rétt virðist skv. þá framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 25% viðurlögum við þær tekjur og/eða eign, sem ákvarðað er að hafi verið undanfellt á framtali.

Framtal skattþegns, sem berst eftir lok framtalsfrests, en áður en skattskrá er lögð fram, skal tekið sem kæra til skattstjóra, hvort sem skattþegn kærir álagningu eða ekki, og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar

virðast skv. þá framkomnum gögnum og rökum. Má þá lækka viðurlög þau, sem um ræðir í 3. mgr. þessarar gr., í 15% af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign.

Nú sendir skattþegn framtal með kæru til skattstjóra, og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 20% viðurlögum af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign. Nú sendir skattþegn framtal með kæru til ríkisskattanefndar, og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 25% viðurlögum af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign.

Fella má niður viðurlög skv. þessari grein, ef skattþegn færir rök að því, að honum verði eigi kennt um galla á framtali, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því, að hann bætti eigi úr göllum á framtali, gerði framtalsskýrslu, eða hún kæmi til skila á réttum tíma.

48. gr.

Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta skattþegn, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífalda skattupphæð þá, sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju skv. 2. mgr. 38. gr. Eigi má þó reikna skattsekt skv. þessari mgr. lengra aftur í tímann en 6 ár, sbr. 38. gr. Ríkisskattstjóri ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattayfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila, eða gegnir eigi skyldu sinni skv. 36. gr., skal sekur um allt að helming af þeirri fjárhæð, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um. Ríkisskattstjóri ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda, skal sekur um allt að helming þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf. Ríkisskattstjóri ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot skv. 1., 3. og 4. mgr. þessarar gr. má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggja ekki þyngri refsing við brotunum skv. hinum almennu hegningarlögum.

49. gr.

Skattstjórum, ríkisskattanefnd og umboðsmönnum skattstjóra, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er um þá, er veita skattstjórum og ríkisskattanefnd aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslu manna.

50. gr.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni skv. 36. gr. eða skorast undan að láta þar nefndar upplýsingar, skýrslur og gögn af hendi, og skal þá ríkisskattstjóri skera úr um skilaskylduna og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, gefa skattstjóra skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meira en 10000 kr.

51. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð, og má innheimta þær með aðför.

Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

52. gr.

Heimilt er skattstjóra, að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef veikindi, slys, mannslát eða skuldatöp hafa skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef skattþegn hefur veruleg útgjöld haft vegna menntunar barna sinna, eldri en 16 ára.
3. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Nú fellst skattstjóri á umsókn framfæranda, og skal hann þá eiga rétt á tvöföldum barnafrádrætti vegna barna þessara, sbr. 16. gr.
4. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, má veita sama frádrátt og fyrir börn.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur af eigin hvötum veitt lækkun samkvæmt þessari grein. Ríkisskattstjóri skal fylgjast sérstaklega með lækkunum samkvæmt þessari grein og sjá til þess, að samræmis sé gætt.

53. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í VI. kafla, eftir því sem þörf krefur.

54. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattstjóra og ríkisskattanefndar.

55. gr.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirsattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt lögum eða reglugerðum, og skulu þá skattstjórar þeir, sem skipaðir verða eftir lögum þessum, leysa þau störf af hendi, unz öðruvísi verður ákveðið.

56. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1963.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir skattgreiðendur, sem hafa orðið fyrir tapi vegna atvinnurekstrar síns síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laga þessara (lög nr. 70/1962) og hafa ekki unnið upp tapið, skulu njóta frádráttar skv. 2. málsgrein B-liðar 11. gr. laganna, eins og ákvæðið hefði verið í gildi, þegar tapið varð.

Gjört í Reykjavík, 17. júlí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

10. september.

189

Nr. 56.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að framleiðsluráð landbúnaðarins hafi synjað nýstofnuðu samvinnufélagi, sem eignast hefur og tekið við rekstri sláturhúss, leyfi til slátrunar, þótt fyrri eigandi hafi haft leyfi til slíkrar starfsemi.

Að þessu leyti nýtur samvinnufélag ekki sama réttar og kaupmaður í sömu aðstöðu, jafnvel þótt félagsmenn þess skipti hundruðum.

Til þess að leiðrétta þetta misrétti ber brýna nauðsyn til að setja nú þegar bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem sláturleyfi höfðu haustið 1963, svo og þeim, sem eignast hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra, enda fullnægi húsin þeim kröfum um búnað, sem gerðar eru í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. september 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1964

Nr. 57.

190

25. september.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1964.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 25. september 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Nr. 58.

1. september.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 2. þ. m. samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

Upphaf 32. gr. 2. mgr. orðist svo:
Srásetningargjald er 1000 krónur.

2. gr.

43. gr. 2. orðist svo:

2. Kennslugreinar í viðskiptadeild eru þessar:

1. Almenn þjóðhagfræði.
2. Hagnýt þjóðhagfræði.
3. Almenn rekstrarhagfræði.
4. Sérgreind rekstrarhagfræði.
5. Íslensk haglýsing.
6. Lögfræði.
7. Bókfærsla fyrir stúdenta á 1. námsári.
8. Reikningshald.
9. Verklegar æfingar í bókfærslu og reikningsskilum, endurskoðun og skattskil.
10. Tölfræði.
11. Viðskiptareikningur.
12. Enska.
13. Stærðfræði.

14. Skrifstofustörf.
15. Hagrannsóknir.
16. Hagræn landafræði.
17. Hagsaga.
18. Saga hagfræðikenninga.
19. Fyrirtækið og þjóðfélagið.
20. Markaðsrannsóknir.
21. Opinber stjórnsýsla.

Námsgreinar 15—21 eru kjörgreinar.

Prófessorar viðskiptadeildar ákveða í sameiningu námsefni í hverri einstakri námsgrein. Þeir ákveða og, hvort halda skuli æfingar í einstökum námsgreinum og hvernig þeim æfingum skuli háttað. Við ákvarðanir þessar skulu þeir hafa samráð við kennara í viðkomandi grein.

Stúdent skal leysa af hendi tilskilinn fjölda æfinga í hverri námsgrein.

Viðskiptadeild ákveður, hvenær tímabært er að hefja kennslu í einstökum kjörgreinum. Eftir að kennsla í kjörgrein er hafin, er viðskiptadeild heimilt að fella niður kennslu í einstök ár, ef ekki fæst, að dómi deildarinnar, næg þátttaka stúdenta, eða ef ekki er, að dómi deildarinnar, kostur hæfra kennslukrafta, en stúdent skal þó heimilt að þreyta próf í viðkomandi námsgrein.

50. gr. orðist svo:

Próf í viðskiptafræðum.

Undirbúningspróf. Áður en stúdent segir sig til fyrra hluta prófs, skal hann hafa staðizt próf í eftirtöldum greinum 1 til 4:

1. *Bókfærsla fyrir stúdenta á 1. námsári*, skriflegt próf.
2. *Skrifstofustörfum*, verklegt og skriflegt próf.
3. *Stærðfræði*, skriflegt próf.
4. *Ensku I*, skriflegt og munnlegt próf.

Einkunnir í ofantöldum greinum hafa ekki gildi í aðaleinkunn. Til þess að standast próf í bókfærslu þarf stúdent að hljóta að minnsta kosti lægstu 1. einkunn.

Stúdent skal taka skriflegt próf í *almennri rekstrarhagfræði og almennri þjóðhagfræði* í síðasta lagi samtímis því, er hann tekur fyrra hluta próf. Óski stúdent að taka próf í annarri eða báðum þessara greina, áður en hann tekur fyrra hluta próf, skal það gert á vormisseri. Kennurum í þessum námsgreinum skal heimilt að ákveða, að próf í þeim skuli vera munnleg.

Einkunnir í hvorri einstakra ofanefndra námsgreina hafa gildið 1 í aðaleinkunn.

Fyrra hluta próf.

Prófgreinar í fyrra hluta eru eftirtaldar greinar 1 til 6:

1. *Viðskiptareikningur*, skriflegt próf.
2. *Tölfræði*, skriflegt próf.
3. *Reikningshald*, skriflegt próf.
4. *Enska II*, skriflegt og munnlegt próf.
5. *Lögfræði*, munnlegt próf.
6. *Hagljúsing*, munnlegt próf.

Flokkur A.

Áður en 4 misseri eru liðin frá innritun, er stúdent heimilt að þreyta próf í einhverjum tveim ofangreindra prófgreina, og skulu þau próf þá tekin á vormisseri, enda séu þau próf haldin í lok yfirferðar yfir viðkomandi námsgreinar. Stúdent skal þá hafa lokið prófi í ensku I, áður en hann skráir sig til prófs í ensku II, og prófi í bókfærslu, áður en hann skráir sig til prófs í reikningshaldi.

Flokkur B.

Prófgreinar í fyrra hluta B eru þær ofantalinna greina 1 til 6, sem stúdent hefur ekki tekið próf í áður.

Fyrri hluta próf (flokkur A og flokkur B) er talið einn prófhluti í merkingu 2. málsgr. 68. gr. háskóla­reglugerðar

Einkunn í prófgrein I hefur gildið $\frac{1}{2}$ í aðaleinkunn; einkunnir í prófgreinum 2—6 hafa gildið 1.

Ekki má liða lengri tími en 6 kennslumisseri frá innritun, þar til lokið er fyrri hluta prófi. Ef út af bregður, fer stúdent af skrá, og undirbúningspróf falla úr gildi.

Síðara hluta próf.

Prófgreinar í síðara hluta eru þessar:

1. *Almenn rekstrarhagfræði*, skriflegt próf.
2. *Almenn rekstrarhagfræði*, munnlegt próf.
3. *Sérgreind rekstrarhagfræði*, skriflegt próf.
4. *Almenn og hagnýt þjóðhagfræði*, skriflegt próf.
5. *Almenn og hagnýt þjóðhagfræði*, munnlegt próf.
6. *Verklegar æfingar í bókfærslu og reikningsskilum, endurskoðun og skattskil*, tvö skrifleg próf.
7. *Hagrannsóknir I*, skriflegt próf.
8. *Hagrannsóknir II*, skriflegt próf.
9. *Hagræn landafræði*, munnlegt próf.
10. *Hagsaga*, munnlegt próf.
11. *Saga hagfræðikenninga*, munnlegt próf.
12. *Fyrirtækið og þjóðfélagið*, munnlegt próf.
13. *Markaðsrannsóknir*, skriflegt próf.
14. *Opinber stjórnsýsla*, munnlegt próf.
15. *Ritgerð um efni, sem stúdent velur í samráði við prófessor í deildinni á fyrsta misseri eftir að hann lauk fyrri hluta prófi.*

Stúdent skal taka próf í svo mörgum kjörgreinum, að heildargildi einkunna í þeim sé $2\frac{1}{2}$. Einkunnir í 1., 2., 4., 5. og 6. prófgrein hafa tvöfalt gildi í aðal­einkunn. Prófgreinar 7—13 hafa gildið $\frac{1}{2}$. Einkunnir í öðrum prófgreinum hafa gildi.

Áður en stúdent segir sig til síðara hluta prófs, skal hann afhenda prófritgerð sína vélritaða og leggja fram skilríki um, að hann hafi tekið þátt í eftirfarandi æfingum:

1. *Rekstrarhagfræði*: Stúdent hafi haldið eitt erindi og afhent kennara það vél­ritað. Enn fremur hafi stúdent metið tvö erindi í sömu grein flutt af öðrum stúdentum, ef kennari hefur óskað þess.
2. *Þjóðhagfræði*: Sömu kröfur og um rekstrarhagfræði.

Ekki má liða lengri tími en 6 kennslumisseri frá því er stúdent lýkur fyrri hluta prófi, þar til hann lýkur síðara hluta prófi. Ef út af bregður, fellur fyrri hluta próf úr gildi, en forpróf halda þó gildi sínu í 2 misseri.

Viðskiptadeild getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um tíma­takmörk við próf, ef stúdent hefur verið veikur, eða öðrum vitaleysisástæðum er til að dreifa.

Stúdentar, sem skráðir eru til náms eftir gildistöku hinna nýju ákvæða, skulu hlíta því fyrirkomulagi, er þar greinir, en eldri stúdentar skulu haga námi sínu samkv. eldri námstilhögun.

Kandidatspróf eftir eldri tilhögun verður haldið í síðasta skipti vorið 1969.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. september 1964.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

20. nóvember.

193

Nr. 59

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Skuldabréfin og spariskirteinin, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55 1964.

4. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskirteina skv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt í samráði við fjárveitinganefnd að verja til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 — 1964

Nr. 60.

194

24. desember.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávaraflla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra.

Skal verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Nánari skýrgreiningu á veiðitímabilinu skal ráðherra ákveða með reglugerð.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávaraflla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fisksöluaðilum í verðlagsráði og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L.Í.Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið samkv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og oddamanni, sem er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

3. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málsl., þannig: Frá 1. janúar 1966 greiðist þessi kostnaður úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1964

24. desember.

195

Nr. 61.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum, eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 7½% — sjö og hálfan af hundraði — söluskatt, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 5. gr. laga nr. 1 31. janúar 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal innheimta 7½% — sjö og hálfan af hundraði — söluskatt frá og með 1. janúar 1965. Þó skal innheimta 5½% — fimm og hálfan af hundraði — söluskatt við tollafgreiðslu slíkrar vöru, ef innflytjandi hefur fyrir 1. janúar 1965 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að unnt sé að tollafgreiða vöruna, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1963, um tollskrá o. fl. Þetta gildir þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 8. janúar 1965.

Fyrirmæli 1. mgr. gilda við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sem hefur verið afhent honum fyrir 1. janúar 1965 með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1963, um tollskrá o. fl., enda eigi fullnaðar tollafgreiðsla sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Hafi verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu fyrir gildistöku laga þessara, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, og sala eða afhending sams konar vöru, vinnu eða þjónustu er skattskyld samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, þá skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar hækkun á söluskattinum, nema sannað sé, að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1964

31. desember.

197

Nr. 62.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1965 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.
1. Tekju- og eignarskattur	375 000 000
2. Aðflutningsgjöld	1569000000
Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	78450000
	<hr/>
	1 490 550 000
3. Gjald af innlendum tollvörum	55 000 000
4. Lestagjald af skipum	1 200 000
5. Aukatekjur	48 000 000
6. Stimpilgjald	75 000 000
7. Vitagjald	3 500 000
8. Söluskattur	922500000
Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	73900000
	<hr/>
	848 600 000
9. Gjald af bifreiðum og bifhjólum samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960	138 000 000
10. Hluti af umboðspóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna	30 000 000
	<hr/>
Samtals ...	3 064 850 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður áfengis- og tóbaksverzlunar		430 200 000
2. — ríkisprentsmiðju		960 000
Samtals	431 160 000
Sundurliðun.		
1. Póstur og sími.		
I. Tekjur:		
1. Seld frimerki, frimerkjavélar o. fl.	58 000 000	
2. Blöð og tímarit, burðargjald	2 600 000	
3. Skeytagjöld	22 300 000	
4. Símtalagjöld	76 000 000	
5. Símaafnotagjöld	165 600 000	
6. Leiga talstöðva og lína	4 300 000	
7. Innheimta aðflutningsgjalda, greiðsla vegna orlofs- laga og laga um skyldusparnað	4 500 000	
8. Aðrar tekjur	2 600 000	
		335 900 000
II. Gjöld:		
1. Laun fastra starfsmanna	70 300 000	
2. Önnur laun, aukaaðstoð og yfirvinna	69 700 000	
3. Póstflutningur	8 500 000	
4. Pappír, prentun, skrifstofugögn o. fl.	8 500 000	
5. Húsnæði, ljós, hiti, ræsting og viðhald	16 000 000	
6. Stöðvarnar, annar kostnaður	79 000 000	
7. Langlínurnar, annar kostnaður	42 500 000	
8. Til endurnýjunar og viðauka	31 900 000	
9. Vextir	1 500 000	
10. Tryggingar	2 500 000	
11. Önnur gjöld	5 500 000	
		335 900 000
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.		
I. Sala að frádrögnum söluskatti og afslætti		654 235 000
II. Framleiðslukostnaður o. fl.:		
1. Innkaupsverð seldra vara	167 250 000	
2. Laun og starfsmannakostnaður	11 000 000	
3. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	2 300 000	
4. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	1 500 000	
5. Viðhald og viðgerðir	400 000	
6. Ýmis gjöld	115 000	
7. Kostnaður við útsölu	5 000 000	
		187 565 000
Brúttó-hagnaður		466 670 000

3. gr.

	kr.	kr.
III. Skrifstofukostnaður:		
1. Laun og starfsmannakostnaður	4 900 000	
2. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	350 000	
3. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	250 000	
4. Viðhald og viðgerðir	150 000	
5. Ýmis gjöld	1 810 000	
Skrifstofukostnaður alls	7 460 000	
IV. Tillag til Gæzluvistarsjóðs	7 500 000	
V. Útsvar	21 510 000	36 470 000
Nettó-hagnaður. Fært á 3. gr. A. 1.	. . .	430 200 000
3. Ríkisútvarpið.		
I. Tekjur:		
a. Afnotagjöld	22 500 000	
b. Aðrar tekjur	18 000 000	40 500 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Föst laun	8 289 312	
2. Aukavinna	3 400 000	
	11 689 312	
b. Útvarpsefni	8 500 000	
c. Skrifstofukostnaður	2 500 000	
d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	2 000 000	
e. Til útvarpsstöðva	8 000 000	
f. Til viðgerðarferða o. fl.	300 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins	700 000	
h. Vegna höfundalaganna	2 000 000	
i. Óviss útgjöld	600 000	
j. Bifreiðakostnaður	200 000	
k. Til kaupa á áhöldum, hljóðfærum o. fl.	500 000	
l. Greiðsla til Brown Boveri s. fr. 163.585.00 vegna nýs sendis fyrir Vatnsendastöðina	1 600 000	
m. Vegna kaupa á nýjum sendi fyrir Akureyrarstöð og vegna breytinga á stöðvunum á Akureyri, Eiðum og Hornafirði til fjarstýringar	1 200 000	
		39 789 312
		710 688
Til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins		710 688
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:		
a. Tekjur	4 000 000	
b. Gjöld:		
1. Laun	922 080	
2. Annar kostnaður	977 920	
	1 900 000	
	2 100 000	

	kr.	kr.
Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins	1260000	
Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands	840000	
	<hr/>	
	2 100 000	
IV. Sjónvarp:		
a. Tekjur:		
1. Aðflutningsgjöld og einkasölugjöld ..	13700000	
2. Aðflutningsgjöld frá 1. júlí 1964	6600000	
	<hr/>	
	20 300 000	
b. Gjöld:		
1. Sendistöð og stúdíótæki	14000000	
2. Mælingar og mælitæki	1500000	
3. Til húsinnréttinga og annars undir- búnings	4800000	
	<hr/>	
	20 300 000	
4. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.		
I. Tekjur (prentvinna)		11 000 000
II. Gjöld:		
1. a. Laun starfsmanna	757320	
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	5387680	
	<hr/>	
2. Efnivörur	6 145 000	
3. Vélarekstur og viðhald	2 325 000	
4. Annar kostnaður	225 000	
	<hr/>	
	1 345 000	
		10 040 000
		<hr/>
		960 000
		<hr/>
	Fært á 3. gr. A. 2	. . .
		<hr/>
		7 745 000
		<hr/>
		1 433 320
		500 000
		5 568 000
		243 680
		<hr/>
		7 745 000
		<hr/>
		25 620 000
		<hr/>
		720 000
		15 000 000
		6 000 000
		3 900 000
		<hr/>
		25 620 000
		<hr/>
		3 061 160
		<hr/>
		1 433 160
		228 000
		1 400 000
		<hr/>
		3 061 160

3. gr.

	kr.	kr.
8. Ríkisbú.		
a. Á Bessastöðum.		
1. Tekjur	1 025 000	
2. Gjöld	1 025 000	
b. Á Hvanneyri.		
1. Tekjur	1 335 000	
2. Gjöld	1 335 000	
c. Á Hólum.		
1. Tekjur	700 000	
2. Gjöld	700 000	
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).		
1. Tekjur	550 000	
2. Gjöld	550 000	
e. Á Vífilsstöðum.		
1. Tekjur	1 050 000	
2. Gjöld	1 050 000	
f. Í Kópavogi.		
1. Tekjur	150 000	
2. Gjöld	150 000	
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		75 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjäreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir		1 730 000
2. Arður af hlutafjäreign		270 000
Samtals	2 000 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 25 000 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1965 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánnum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir af innlendum lánnum		8 470 122
Samtals	8 470 122

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	420 000	
2. Risna	70 000	
		490 000
II. Skrifstofa forseta Íslands:		
1. Laun	305 760	
2. Annar kostnaður	316 900	
		622 660
III. Bifreiðakostnaður:		
1. Laun	179 640	
2. Annar kostnaður	271 000	
		450 640
IV. Forsetasetrið að Bessastöðum:		
1. Laun	94 930	
2. Annar kostnaður	606 800	
		701 730
V. Bessastaðakirkja		62 000
Samtals	2 327 030

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		19 150 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		175 000
Samtals	19 325 000

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

	kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:		
1. Til ráðherra:		
a. Laun	1872000	
b. Til risnu samkvæmt reikningi	170000	
c. Ríkisráð	15500	
		2 057 500
2. Til ráðuneytanna:		
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun	1315440	
b. Dómsmálaráðuneytið, laun	1458960	
c. Félagsmálaráðuneytið, laun	1279800	
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun	1534860	
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun	3616440	
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:		
a. Laun	1207560	
b. Fálkaorðan	90000	
	1297560	
f. Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið, laun	765360	
g. Utanríkisráðuneytið, laun	1894380	
h. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun	863220	
i. Viðskiptamálaráðuneytið, laun	1441290	
j. Framlag til Efnahagsstofnunar ríkisins	1101200	
k. I. Hagstofan:		
1. Laun	2428120	
2. Útgáfa hagskýrslna ...	390000	
3. Annar kostnaður	898800	
	3716920	
II. Þjóðskráin:		
1. Laun	575160	
2. Annar kostnaður	792804	
	1367964	
l. Aðrir starfsmenn, laun	1500000	
m. Símakostnaður og burðargjöld	2300000	
n. Annar kostnaður ráðuneytanna	5000000	
o. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins	800000	
	31 253 394	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:		
a. Laun	2510200	
b. Annar kostnaður	1250000	
	3 760 200	
4. Ýmis kostnaður:		
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga	550000	
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi ...	1100000	
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	670000	
d. Kostnaður við kjarasamninga	500000	
	2 820 000	
		39 891 094

II. Utanríkismál (utanríkisráðuneyti):

1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:

a. Laun	2053442
b. Annar kostnaður	349402

2 402 844

2. Sendiráðið í Stokkhólmi:

a. Laun	1533409
b. Annar kostnaður	321962

1 855 371

3. Sendiráðið í London:

a. Laun	2090649
b. Annar kostnaður	748658
c. Kostnaður vegna sölu á sendiherrabústaðnum Redington House og kaupa á húseigninni 101, Park Street, W. 1. ..	1070000

3 909 307

4. Sendiráðið í Washington og skrifstofa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum:

a. Laun	2324804
b. Annar kostnaður	397975

2 722 779

5. Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC:

a. Laun	3586629
b. Annar kostnaður	850000

4 436 629

6. Sendiráðið í Osló:

a. Laun	1516863
b. Annar kostnaður	491642

2 008 505

7. Sendiráðið í Bonn:

a. Laun	1724102
b. Annar kostnaður	452953

2 177 055

8. Sendiráðið í Moskva:

a. Laun	2096066
b. Annar kostnaður	629239

2 725 305

9. Aðalræðismannsskrifstofan í New York:

a. Laun	224773
b. Annar kostnaður	161475

386 248

10. Ferðakostnaður

1 000 000

11. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins

1 000 000

12. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins

1 700 000

13. Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi

340 000

14. Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar

204 000

15. Til kjörræðismanna

45 000

16. Til söfnunar heimilda erlendis um sögu Íslands í tveim heimsstyrjöldum

250 000

27 163 043

	kr.	kr.
III. Tillög til ýmissa alþjóðastofnana:		
1. Til hjálpar flóttafólki í Evrópu og tillag til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna	247 000	
2. Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins	458 000	
3. Tillag til Sameinuðu þjóðanna	1 505 000	
4. Tillag til varnarliðs Sameinuðu þjóðanna	350 000	
5. Tillag til matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO)	330 000	
6. Tillag til World Food Program á vegum FAO ..	215 000	
7. Tillag til efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)	800 000	
8. Tillag til Evrópuráðsins	370 000	
9. Tillag til alþjóðahveitiráðsins	3 120	
10. Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO)	1 625 000	
11. Tillag til Atlantshafsbandalagsins vegna skrifstofubýggingar	68 000	
12. Tillag til tollanefndar Evrópu	2 500	
13. Tillag til tækniástoðar Sameinuðu þjóðanna ...	690 000	
14. Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tollaga	67 700	
15. Tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar ..	130 000	
16. Tillag til eftirlitsnefndar með gin- og klaufaveiki á vegum FAO	11 000	
17. Til hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar	54 000	
18. Tillag til Alþjóðalandfræðisambandsins	4 300	
19. Tillag til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar	120 000	
20. Tillag til Alþjóðagerðardómsins í Haag	1 800	
21. Kostnaður vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins	195 000	
22. Tillag vegna Parísarsamþykktarinnar um vernd á sviði iðnaðar	28 500	
23. Tillag til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)	327 256	
24. Tillag til Alþjóðarauðakrossins	16 000	
25. Þátttaka í heimssýningu í Kanada 1967	500 000	
26. Bráðabirgðaaðild að GATT	108 000	
		8 227 176
Samtals	75 281 313

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn (dómsmálaráðuneyti).		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	1 783 800	
b. Risna dómsforseta	10 000	
c. Útgáfa hæstaréttardóma	600 000	
d. Annar kostnaður	465 000	
e. Til bókakaupa	100 000	
f. Til ljósprentunar hæstaréttardóma	320 000	
		3 278 800
2. Saksóknaraembætti ríkisins:		
a. Laun	1 291 892	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	410 000	
c. Annar kostnaður	425 000	
		2 126 892
3. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	2 730 200	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	475 000	
c. Annar kostnaður	450 000	
		3 655 200
4. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun	2 263 360	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	400 000	
c. Annar kostnaður	425 000	
		3 088 360
5. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	2 736 630	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	1 725 000	
c. Annar kostnaður	1 935 000	
		6 396 630
6. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	1 700 590	
b. Aukavinna	325 000	
c. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður	565 000	
d. Annar kostnaður	450 000	
		3 040 590
7. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:		
a. Laun	700 560	
b. Hiti, ljós og ræsting	200 000	
c. Annar kostnaður	395 000	
		1 295 560
8. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:		
a. Laun	4 852 440	
b. Skrifstofukostnaður:		
1. Laun	11658493	
2. Annar kostnaður	12500000	
	24158493	
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins	4200000	
	19 958 493	
c. Einkennisbúningar héraðsdómara	425 000	
d. Viðhald embættisbústaða	450 000	
		25 685 933

	kr.	kr.
9. Laun hreppstjóra		2 070 000
10. Lögreglukostnaður:		
a. Ríkislögregla í Reykjavík:		
1. Laun lögregluþjóna	4965220	
2. Vaktaálag, aukavinna o. fl.	2320000	
3. Einkennifatnaður, tryggingar o. fl.	654560	
4. Bifreiðakostnaður	1500000	
5. Fjarskiptaþjónusta	140000	
6. Æfingaskáli og gufubaðstofa	100000	
7. Kostnaður vegna kvenlögreglu	51500	
8. Lögregluskóli, áhöld o. fl.	210000	
	<hr/>	9 941 280
b. Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli:		
1. Laun lögregluþjóna	3193790	
2. Vaktaálag og helgidagauppbót	1073170	
3. Einkennifatnaður	360000	
4. Bifreiðakostnaður og tryggingar	850000	
5. Fæðisstyrkur lögreglumanna	458000	
6. Annar kostnaður	290000	
	<hr/>	6 224 960
c. Til löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, sbr. 2. mgr. 4. gr. l. nr. 56/1963		1 300 000
d. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík		12 530 000
e. Ýmis annar lögreglukostnaður		12 400 000
f. Til löggæzlu í sveitum		1 700 000
	<hr/>	44 096 240
11. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:		
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:		
1. Laun	636400	
2. Vaktaálag	200000	
3. Viðhaldskostnaður	300000	
4. Annar kostnaður	1200000	
	<hr/>	2336400
÷ Framlag Reykjavíkurborgar	1168200	
	<hr/>	1 168 200
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:		
1. Laun	1560160	
2. Vaktaálag	300000	
3. Aukavinna	450000	
4. Til kaupa á vélum	200000	
5. Annar kostnaður	1911000	
	<hr/>	4421160
÷ Tekjur	650000	
	<hr/>	3 771 160
c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, ½ kostnaður		425 990
d. Vinnuhælið að Kviabryggju:		
1. Laun	393650	
2. Aukavinna	200000	
3. Annar kostnaður	1109000	
	<hr/>	1 702 650

		11. gr.	
		kr.	kr.
e.	Kostnaður við önnur fangahús	200 000	
f.	Sjúkrakostnaður refsifanga	100 000	
			7 368 000
12.	Til byggingar fangahúsa		800 000
13.	Málskostnaður	3 000 000	
	÷ Endurgreiddur málskostnaður	700 000	
			2 300 000
14.	Til fangahjálpar samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra .		310 000
15.	Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum		120 000
